

BREIKKUN SUÐURLANDSVEGAR
FRÁ BÆJARHÁLSI AÐ HÓLMSÁ

**Viðaukahefti frummatsskýrslu - II. hluti**

**2.2.2022**

Reykjavíkurborg





# Viðauki G: Fornminjar

Reykjavíkurborg



# Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



**Reykjavík 2022**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 207
2. útgáfa

**Borgarsögusafn**
Reykjavíkur

# Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir




**Reykjavík 2022**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 207
2. útgáfa

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Vegagerðarinnar.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.
© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:
Geitháls árið 1920-1935.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: EYJ 001 005 2-2. Ljósmyndari: Eyjólfur Jónsson

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 207
Reykjavík 2022
2. útgáfa, endurskoðun vegna breytinga á gögnum frá Eflu 31.1.2022.
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Efnisyfirlit

Formáli ........ 2

1. Inngangur ........ 3

2. Almennt um verndun menningarminja ........ 4

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja ........ 6

4. Í landi Grafar, Hólms og Geitháls ........ 8

4.1 Gröf 181179 260 ........ 9

4.1.1 Gröf – saga ........ 9

4.1.2 Minjar og örnefni ........ 9

4.1.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Grafar ........ 17

4.2 Hólmur 181149 213 ........ 45

4.2.1 Hólmur – saga ........ 45

4.2.2 Minjar og örnefni ........ 48

4.2.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Hólms ........ 52

4.3 Geitháls – Vilborgarkot 123634 0 ........ 89

4.3.1 Geitháls – saga ........ 89

4.3.2 Minjar og örnefni ........ 91

4.3.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Geitháls ........ 93

Niðurstöður og hættumat ........ 115

5.1 Fornleifar á framkvæmdasvæðinu ........ 116

5.2 Yngri minjar ........ 123

5.3 Herminjar ........ 125

Niðurlag ........ 126

Heimildaskrá ........ 127

Viðauki 1: Minjatafla með hættumati og mótvægisaðgerðum
Viðauki 2: Minjakort

# Formáli

Hér fer á eftir rannsókn og skrá yfir fornleifar og yngri minjar á framkvæmdasvæði sem fylgir Suðurlandsvegi, frá Bæjarhálsi í Reykjavík austur í gegnum Geitháls í Mosfellsbæ og að Hólmsá, vegna tvöföldunar á Suðurlandsvegi frá Bæjarhálsi að Hólmsá.[1] Fornleifaskráningin er unnin að beiðni Vegagerðarinnar.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.[2] Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð, og hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins.[3] Í lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000), eru verndarsvæði minja skilgreint 100 m frá fornleifum.[4]

Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag og/eða mat á umhverfisáhrifum eru gerðar auknar kröfur „um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðum“.[5]

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar sem er *„Forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifanna*“.[6]

Desember 2020,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

[1] *Tvöföldun Suðurlandsvegar, Bæjarháls að Hólmsá – Drög að tillögu að matsáætlun*.
[2] Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[3] Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 1. kafli, 3. gr. og 6. kafli, 22. gr.
[4] Lög um mat á umhverfisáhrifum – nr. 106 – 25. maí 2000. 2.viðauki, iii verndarsvæði, (c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum.
[5] Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013, bls. 2. *Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda*, nr. 620.
[6] Vefur Minjastofnunar Íslands: Skráning fornleifa.

# 1. Inngangur

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifum, mannvirkjum og yngri minjum á svæði sem er skilgreint sem framkvæmdasvæði (skráningarsvæði), 100 m út frá ystu brún vegar í báðar áttir og nefnist hér framkvæmdasvæði. Framkvæmdasvæði fylgir Suðurlandsvegi frá Bæjarhálsi í vestri að Hólmsá í austri og öllum tengivegum. Veglínan sem tekin var út er um 6 km að lengd en auk þess voru nokkrir hliðarvegir og stígar sem höfðu áhrif á framkvæmdasvæðið til stækkunar. Tvöföldun Suðurlandsvegar er að mestu norðan megin við núverandi veg, nema á vegkafla frá Almannadal að Beitarhúsahól, þar er hún að sunnan.




Mynd 1. Afmörkun framkvæmdasvæðis Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá.[7]

Fornleifaskráningin er endurskoðun á skráningu frá 2010 sem birtist í skýrslunni: *Fornleifa-skráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*.[8]

Skráning er endurskoðuð vegna þess að hún uppfyllti ekki lög um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 2013, þar sem gerðar eru auknar kröfur um uppmælingu á minjum frá því sem áður var. Skráningin núna nær yfir töluvert stærra svæði, þar sem skráð er umhverfis alla tengivegi, sem ekki var gert síðast.

Þessi skrá byggir eins og sú fyrri að hluta á eldri skrám, en skráning á þessu svæði fór fyrst fram á vegum *Þjóðminjasafns Íslands* árið 1985.[9] Árið 1995 voru jarðirnar Gröf og Hólmur skráðar af

[7] Kort af Reykjavík 2020 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.
[8] Anna Lísa Guðmundsóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*, skýrsla nr. 152, 2010.
[9] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifaskrá fyrir Reykjavík“. Óútg. handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.

*Bjarna F. Einarssyni* og birtist skráningin í *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995.*[10] Árið 2006 skráðu Dagný Arnardóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir svæði fyrir vestan Hólmsá í skýrslu sem nefnist *Fornleifakönnun – vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði.*[11] Árið 2007 var skráður sá hluti framkvæmdarinnar sem nær frá Vesturlandsvegi austur fyrir Rauðavatn og skráningin birt í skýrslunni *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn.*[12] Árið 2018 fór fram fornleifaskráning vegna deiliskipulags athafnasvæðis á Hólmsheiði og 2019 voru minjar skráðar vegna framkvæmda Veitna við Rauðavatn og Rauðvatnsskóg.[13] Í þessari skýrslu eru allar þessar skráningar endurskoðaðar samkvæmt skráningarstöðlum fornleifa og reglum Minjastofnunar Íslands um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda og uppmælingu fornleifa með landmælingatæki, Trimble Geo7.[14] Hér liggur því fyrir ein heildarskýrsla fyrir allt áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Fornleifaskráningin fylgir kröfum um skráningu vegna mats á umhverfisáhrifum og deiliskipulags ásamt því að gert er hættumat og lagðar fram tillögur að mótvægisaðgerðum.

Skýrslan hefst á því að fjallað er almennt um verndun menningarminja og um tilgang og aðferðir við fornleifaskráningu. Þá er farið yfir sögu þeirra jarða sem liggja að Suðurlandsvegi á áætluðu framkvæmdasvæði og birt skrá yfir fornleifar og yngri minjar á áætluðu framkvæmdasvæði og áhrifasvæði þess. *Í viðauka er birt minjatafla þar sem fram kemur hættumat og drög að mótvægisaðgerðum fyrir allar minjastaðina sem eru á áætluðu framkvæmdasvæði, ásamt minjakortum.*

Minjastofnun Íslands úthlutaði deiliskráningunni verkefnanúmerinu 2142. Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir unnu að vettvangsskráningu sem fór fram í júlí og október 2020. Samhliða var unnið að heimildavinnu, úrvinnslu gagna og skýrslugerð. Skráðar voru búsetuminjar, gamlar leiðir, herminjar og yngri minjar, samtals 120 minjastaðir.

## 2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[15]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

[10] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur,* skýrsla nr. 130, 1995.
[11] Dagný Arnardóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir: *Fornleifakönnun – vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsvegar frá Hafravatni að Hveragerði,* 2006.
[12] Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn.*
[13] Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags athafnasvæðis á Hólmsheiði* og Lagning háspennustrengs með Rauðavatni, Fornleifaskrá, bréf dagsett 5. júní 2019, skjalasafn Borgarsögusafns.
[14] Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa,* 2013, bls. 26.
[15] Lög um menningarminjar 2012 – nr. 80 – 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

# 3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2020) eru um 3.700 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar, t. d. Gröf 181179-260-1. Í fornleifaskrá og á kortum eru einungis notaðar tvær síðustu tölurnar, Gröf 260-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið ***2142***, hér skammstafað MÍ-númer.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri skráningu ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft yfirleitt út frá staðsetningu og lagt mat á ástand þeirra.

Lagt var mat á hættu sem minjar á áætluðu framkvæmdasvæði eru í, út frá þessari tilteknu framkvæmd. Hættumatið miðast yfirleitt við fjarlægð minja frá framkvæmdum, því meiri líkur eru á að minjar sem eru nær verði fyrir hnjaski en þær minjar sem eru fjær. Minjarnar voru flokkaðar samkvæmt Skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í þrjá flokka: Engin hætta, hætta og mikil hætta.[16]

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar, en ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar upp á vettvangi.[17]

[16] Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa,* 2013, bls. 26.
[17] Vefur Borgarvefsjáin. Vefslóð: http://borgarvefsja.is.

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

***Tafla 1. Aldursflokkar.***

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar 100 ára og eldri | ● Rauður |
| 2 | Minjar frá 1921-1930 | ● Gulur |
| 3 | Minjar frá 1931 og yngri | ● Grænn |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár |

Fornleifar innan og rétt við áætlað framkvæmdasvæði voru skráðar og mældar upp með Trimble Geo7 staðsetningartæki. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

# 4. Í landi Grafar, Hólms og Geitháls

Til umfjöllunar er framkvæmdasvæði vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar með mislægum gatnamótum og tengivegum frá Bæjarhálsi að Hólmsá í Reykjavík.

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem skilgreint er sem framkvæmdasvæði Suðurlandsvegar tilheyrði áður þremur bújörðum, Gröf, Hólmi og Geithálsi, en það var nýbýli byggt úr Vilborgarkoti sem tilheyrir Mosfellsbæ, sjá mynd 2.




Mynd 2. Landamerki lögbýlanna Grafar, Hólms, Árbæjar, Elliðavatns og Reynisvatns eins og þau voru árið 1703. Austast er Geitháls sem var nýbýli úr Vilborgarkoti, sem tilheyrir Mosfellsbæ.[18]

[18] Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Saga og þróun → Lögbýli í Rvk. 1703. Sótt 29. nóv. 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

# 4.1 Gröf 181179 260

## 4.1.1 Gröf – saga

Jarðarinnar Grafar mun fyrst getið í máldaga Maríukirkju á Bessastöðum sem tímasettur er til ársins 1352[19] en þar er ekki getið um eiganda jarðarinnar. Gröf var komin í eigu Viðeyjarklausturs 1395. Þá var gerð skrá um kvikfé og leigumála á jörðum klaustursins.[20]

Gröf virðist hafa verið í einkaeign þar til í byrjun 16. aldar, því þann 5. september 1503 seldu Guðmundur Þórarinsson og Ingibjörg Jónsdóttir Árna ábóta jörðina fyrir fjórtán hundruð í lausafé og kvittuðu fyrir andvirðinu. Þann 10. desember sama ár (1503) var í Viðey gert skiptabréf Árna ábóta annars vegar og Halldórs Brynjólfssonar hins vegar, á jörðunum Strönd í Hvolhreppi og Gröf í Mosfellssveit. Þar með var Gröf aftur komin í einkaeign. Ekki eru heimildir fyrir því hvenær Halldór seldi jörðina, en hann var nefndur hinn auðgi og hafði mikið umleikis. Svo mikið er víst að jörðin hefur aftur orðið klausturjörð á tímabilinu 1503 til um 1545 og hélst svo þar til klausturjarðir runnu til konungs um siðaskipti. Á árunum 1547–1552 er jarðarinnar svo getið í fógetareikningum Bessastaðamanna.[21]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1704 er konungur talinn eigandi, en ábúandi er Einar Þórðarson. Leiga var greidd konungi í smjöri til Bessastaða. Kvaðir voru um mannslán og hestlán til Þingvalla og annarra staða, jafnvel stundum norður í land og í ýmsar áttir. Skila átti tveimur dagsláttum, tveimur hríshestum og einum eða tveimur móhestum. Skera átti torf, flytja lax úr Elliðaánum, sjá um skipaferðir, sækja timbur til Þingvalla, sinna hússtörfum á Bessastöðum og fleira. Engjar jarðarinnar voru mjög litlar. Kvikfénaður er skráður 6 kýr, 1 kvíga tvævetur, 8 ær með lömbum og 4 hestar. Heimilismenn eru skráðir 10. Kostir jarðarinnar eru taldir litlir. Hjáleigur eru taldar tvær, það eru *Grafarkot* sem byggst hafði upp fyrir 50 árum og hét hugsanlega *Holtsstaðir* áður og hjáleigan *Oddgeirsnes* sem hafði verið eyðijörð í allra manna minni.[22]

Litlum sögum fer af jörðinni en skömmu fyrir 1840 er hún seld eins og flestar konungsjarðir á þessum slóðum. Gröf var mjög landstór jörð. Hún fékk nafnið Grafarholt þegar bærinn var fluttur á núverandi stað við Vesturlandsveg árið 1907. Þá bjó í Grafarholti bændahöfðinginn Björn Bjarnason hreppstjóri og um skeið alþingismaður, fróðleiksmaður mikill, en sérkennilegur í mörgu. Árið 1943 var jörðin Grafarholt lögð undir Reykjavík samkvæmt lögum og meginhluti hennar síðan tekinn eignarnámi 1944.[23]

## 4.1.2 Minjar og örnefni

Það svæði sem hér er skoðað nær yfir lítinn hluta af Grafarjörðinni. Þekkt örnefni í nágrenninu voru skráð og fornleifar eru færðar inn á myndir 3 og 6. Helstu minjum á svæðinu er lýst hér lauslega, en nákvæmari lýsingu er að finna í kafla 4.1.3 sem hýsir skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar fyrir þetta svæði.

Syðst við Bæjarháls, þar sem nú eru mikil umferðarmannvirki, lá áður *Gata-1* í boga, ein af þremur götum í stóru sumarhúsahverfi (260-179) sem var á þessu svæði og lá norður með *Rauðavatni*. Uppbygging hverfisins hófst 1951 en þá var úthlutað 102 blettum undir sumarhús.[24] Engin af þeim mannvirkjum sem voru við *Götu-1* eru lengur sjáanleg, en austar við Rauðavatn má enn sjá ræktunarbletti þar sem sumarhús stóðu. Þetta sumarhúsahverfi var reist fyrir norðan gamla Suðurlandsveginn (260-147), en hann lá áður frá býlinu Árbæ og í austur þar sem nú er gatan Rofabær, sveigði niður að Rauðavatni og svo áfram í austur sunnan með Rauðavatnsskógi. Þessi gamli

---

19 *Íslenzkt fornbréfasafn,* III. bindi, bls. 69.
20 *Íslenzkt fornbréfasafn,* III. bindi, bls. 597.
21 *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 111, 137, 152, 172, og 399.
22 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, *Gullbringu- og Kjósarsýsla*, bls. 296.
23 Páll Líndal. *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 1. bindi, bls. 161.
24 Eggert Þór Bernhardsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 85.

vegur var gerður vagnafær á árunum 1886–1892, nú nefndur fyrsti Suðurlandsvegurinn, sjá mynd 4. Núverandi Suðurlandsvegur liggur að mestu í gamla vegstæðinu við Rauðavatn. Fyrsti Suðurlandsvegurinn (260-147) hefur verið þar sem nú er reiðvegur við Rauðavatnsskóg fyrir norðan núverandi bílveg.




Mynd 3. Minjar og áætlaðar framkvæmdir í landi Grafar, norðursvæði.[25]

[25] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/ Sótt 10. sept. 2020. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.




Mynd 4. Rauðavatn og nágrenni 1909. Á kortinu eru vagnavegir merktir með tvöfaldri línu. Hér er sýndur vegur frá brúnum við Elliðaárós að Árbæ, Rauðavatni og Hólmsá, nefndur fyrsti Suðurlandsvegurinn (260-147). Frá honum liggja tveir aðrir vegir til suðurs merktir með tvöfaldri brotalínu, annar við Rauðavatn (260-29), forveri Breiðholtsbrautar, og hinn við Baldurshaga (260-153). Aðrir gamlir slóðar eru merktir með einfaldri svartri línu. Þeir eru mun fleiri og hafa vafalaust verið notaðir öldum saman.[26]

Ef haldið er í suður eftir gamla Suðurlandsveginum (260-147) að *Sandvík* er fyrst komið að braggabotnum (260-117) og austar (260-105), en þetta eru minjar frá *Camp Buller* sem voru höfuðstöðvar strandvarna og/eða loftvarnastórskotaliðs.[27] Nær vatninu er að finna steyptar undirstöður bragga (260-107) og steinhlaðinn kant (260-106), en **þessar minjar munu hverfa við þessar framkvæmdir.** Þegar haldið er sunnar er komið að litlum tanga austan við Rauðavatn, sem skagar út í vatnið á milli *Sandvíkur* og *Suðurvíkur* þar sem er að finna hringlaga tóft (260-160). Ekki er vitað hvað hún hefur að geyma, en í eldri fornleifaskrám er talið að þarna séu fornleifar[28]. Hugsanlega eru þetta yngri minjar, en fornleifarannsókn getur leitt það í ljós. **Þessi minjastaður mun lenda undir framkvæmdum.** Miðað við fyrirhugaðar áætlanir framkvæmdarinnar mun hluti af Suðurvík verða fyllt upp og fara undir vegi og stíga, en áður náði hún mun lengra til suðvesturs. Austan við Suðurvík er lítill tangi og á honum er listaverkið Baugur (260-186). **Framkvæmdir liggja óþarflega nálægt þessu verki (6m), athuga þarf hvernig er best að bregðast við því.**

[26] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

[27] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.

[28] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifaskrá fyrir Reykjavík". Óútgefið handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.

Á uppdrætti Steindórs Björnssonar sem sýnir Rauðavatn og svæðið fyrir austan það, sjást merktir inn nokkrir gamlir slóðar. „Gamli vegurinn“ (260-47) er elsti slóðinn á milli Árbæjar og Hólms yfir *Klapparholtsmóa* og líklega elsti forveri fyrsta Suðurlandsvegarins (260-147). Engin greinileg merki eru sjáanleg lengur eftir hann. Leiðin er rauðlituð á mynd 5. Annar slóði (260-29) lá svo suðvestur frá Rauðavatni inn *Markargróf* eða *Margróf* inn að *Oddagerðisnesi* (260-29). Þessi vegur er líka sýndur á korti frá 1909, sjá mynd 4. Hann var forveri Breiðholtsbrautar og er nú notaður sem reiðvegur að hluta, nyrst. Slóðinn er grænlitaður á mynd 5. Þá er slóði yfir Klapparholt og Klapparholtsvað yfir að Elliðavatni (260-153). Slóðinn er blálitaður á mynd 5. Inn á uppdráttinn er síðan merktur vagnavegurinn meðfram Rauðavatni, eða fyrsti Suðurlandsvegurinn (260-147).



Mynd 5. Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson. „Gamli vegurinn“ litaður rauður (260-47), vegurinn um Klapparholt að Elliðavatni er litaður blár (260-153), vegurinn um Markargróf litaður grænn (260-29) og vagnavegurinn, fyrsti Suðurlandsvegurinn, litaður svartur (260-147).[29]

[29] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn. Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.

Norðan við Suðurlandsveg, fyrir austan Rauðavatn, er síðan um 13 hektara svæði þar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hið eldra hóf gróðursetningu um 1900 (260-145). Þetta er eitt af elstu skógræktarsvæðum landsins og er í dag notað sem útivistarsvæði, Rauðavatnsskógur. Innan þess hafa legið gamlar leiðir eins og (260-178) sem nú er horfin að mestu og austast voru ræktunarreitir (260-141).




Mynd 6. Minjar og áætlaðar framkvæmdir í landi Grafar, suðursvæði.[30]

Árið 1905 var nýbýlið *Baldurshagi* reist á landspildu sem seld var úr landi Grafar sunnan við Suðurlandsveg, í Klapparholtsmóum norðan við *Klapparholt*. Í Baldurshaga var frá upphafi og í marga áratugi rekin veitingasala og gistihús, af svipuðu tagi og í Árbæ, Ártúni og Lögbergi í Lækjarbotnum, en þar gistu oft bændur af Suðurlandi sem voru í fjárrekstrum. Einnig var þar stundaður búskapur með tilheyrandi gripahúsum.[31] Fyrstur byggði í Baldurshaga Guðmundur H. Sigurðsson, en hann flutti sig síðar að Lögbergi.[32] Baldurshagi var auglýstur til sölu í febrúar 1907: „…greiðasöluhús við þjóðveginn við Rauðavatn í Mosfellssveit, ásamt tilheyrandi landi og girðingum, heyi og gripahúsum, fæst í skiptum fyrir húseign í Reykjavík ef um semst.“[33] Baldurshagi var vinsæll áningarstaður borgarbúa í skemmtiferðum og sjá má auglýsingar frá veitingastaðnum allt frá 1907, þar sem auglýstur er heitur og kaldur matur, kaffi, te og kakó.[34] Kristín Dalstedt, þekkt veitingakona í Reykjavík, rak veitingasöluna í Baldurshaga frá 1918 til 1921. Kristín hafði rekið veitingastaði á nokkrum stöðum í Reykjavík, síðast Fjallkonuna á Laugavegi 23.[35] Hún og Axel maður hennar keyptu Baldurshaga árið

[30] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[31] *Þjóðólfur*, 22. febrúar 1907, bls. 31 – *Ingólfur*, 16. júní 1907, bls. 96 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 75 – Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 5.
[32] *Morgunblaðið*, 14.11.1957, bls. 14.
[33] *Reykjavík*, 19.02.1907, bls. 40.
[34] *Ingólfur*, 16.06.1907, bls. 96. *Þjóðólfur*, 19.07.1907, bls. 120.
[35] Hafliði Jónsson: *Kristín Dahlstedt veitingakona, endurminningar*, bls. 204.

1918 af Garðari Gíslasyni kaupmanni. Þá var þar ágætt timburhús, ein hæð og ris. Þau gerðu allnokkrar breytingar á hæðinni þar sem var veitingasalur. Fjöldi fólks lagði leið sína í Baldurshaga um helgar á sumrin í reiðtúrum þegar gott var veður og borðaði þar mat og drakk eftirmiðdagskaffi. Helsti ókosturinn við að búa í Baldurshaga var vatnsskortur og þurfti að sækja allt vatn niður í Hólmsá (Bugðu), en þaðan var það flutt í tunnum á hestvagni. Annar ókostur var að þau þurftu að nota olíuljós, en þá var komið rafmagn til lýsingar í Reykjavík. Lítið var um gestakomur á veturna og þegar þeim bauðst kaupandi að Baldurshaga haustið 1921 seldu húsið og landið.[36]

Í Alþýðublaðinu 19. apríl 1942 kemur fram að húsið hafi brunnið til kaldra kola. Húsið var svo endurbyggt.[37] Á stríðsárunum tók breski herinn Baldurshaga yfir, endurnefndi staðinn *Café Broadway* og hafði þar bíósýningar, jólahátíðir og fleira. Veitingasala var starfrækt á staðnum fram undir 1950 en þá var rekstrinum hætt.[38]




Mynd 7. Kort sem sýnir Selásland, frá 1931.[39]

Vestan við Baldurshaga byggðist upp Selásland (260-174), mynd 7. Það voru skikar sem lágu með Norðlingabraut (260-108) að Elliðavatni, en austan við byggðust upp Baldurshagablettir (260-173) upp úr 1920, sjá mynd 7 og 8. Um 1945 var komin þó nokkur byggð á þessu svæði.

Á öllu þessu svæði sunnan við Suðurlandsveg bættust með tímanum við fleiri hús, sumarbústaðir, heilsársbústaðir og jafnframt allmörg hesthús, ýmiskonar útihús og skúrar. Öll þessi byggð þurfti að víkja þegar Norðlingaholtshverfið var skipulagt og byggt á árunum 2003-2008. Eina húsið sem eftir stendur af þeim sem byggð voru á Baldurshagalandi er húsið *Sólnes*, sem stendur á

[36] Hafliði Jónsson: *Kristín Dahlstedt veitingakona, endurminningar*, bls. 225-226.
[37] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-1943 til 10-05-1945. Aðfnr. 749. Baldurshagi, Suðurlandsbraut, brunabótanúmer. 4216. Brunabótavirðing dags. 15.10. 1943, bls. 81.
[38] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), bls. 75 – Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt*, bls. 5-6 – *Alþýðublaðið*, 19. apríl 1942, bls. 2 – *Daily Post*, 2. árg. 1941, 255 tbl., bls. 3.
[39] Kort af Seláslandi, mælikvarði 1:2.500, Magnús Konráðsson sept. 1931. Mælingadeild Reykjavíkur. Afrit, Kortasafn Borgarsögusafns.

tanga við ána Bugðu, skammt austan við núverandi Norðlingaholtshverfi. Það mun hafa verið endurbyggt um 1991 og lítið sem ekkert eftir af upprunalega húsinu.[40]



Mynd 8. Kort yfir Baldurshagabletti frá 1971.[41]



Mynd 9. Byggðin á Seláslandi vinstra megin við miðju og Baldurshagablettum til hægri árið 1954. Suðurlandsvegur liggur á ská yfir efri hluta myndarinnar. Vinstra megin liggur Norðlingabraut (260-108), frá Suðurlandsveginum til suðurs, og meðfram henni voru Selásblettir. Við Baldurshaga liggur Elliðavatnsvegur (260-153) til suðurs að Bugðu og svo áfram að Elliðavatni. Lengst til hægri sést birgðageymslan og braggahverfið Camp Columbus Dump.[42]

[40] Byggt 1990 skv. Fasteignaskrá. Endurbyggt 1991, skv.: „Nefnd um bætta umgengni meðfram Suðurlandsvegi frá Lækjarbotnum að Breiðholtsbraut við Rauðavatn“. Skýrsla ásamt skrá Ágústs Jónssonar skrifst.stj. borgarverkfr. yfir hús á svæðinu, dags. í desember 1992. Óútgefin gögn. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um hús í Reykjavík, Suðurlandsvegur.
[41] Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Gröf-Grafarholt. „Baldurshagablettir, m. 1:2000“. Kort gert af Finni Kristinssyni 1971. Afrit.
[42] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur. Loftmynd af Reykjavík 1954. Sótt 10.6.2020.

Austan við Baldurshaga var birgðageymslan og braggahverfið Camp Columbus Dump (260-163) á tímum hersetunnar. Flestallar minjar um það eru horfnar, en um þetta svæði er áætlaður nýr tengivegur að Sólnesi.

Austur af Rauðavatnsskógi í *Borgarholti* er Borgin, steinhlaðin fjárborg (260-44). Á stein í norðausturvegg hennar er rist krossmark, fangamarkið SG og ártalið 1878. **Framkvæmdir, vegir og stígar eru áætlaðar allt of nálægt þessum minjastað, bregðast þarf við því**. Þar austur af, áður en komið er að spennistöðinni Vegbrekkum 43, liggja mjög fornar moldargötur (260-151) norðaustur upp á milli *Borgarholts* og *Víðiholt*s að sprengigeymslunum Mjódalsvegi 1. Þetta er hluti af gömlu leiðunum sem lágu upp *Almannadal*.



Mynd 10. Fjárborg (260-44). Horft til norðausturs innan úr tóftinni að steininum með áletruninni, sem er fyrir miðju.




Mynd 11. Áletrun á steini í vegghleðslu fjárborgarinnar (260-44) krossmark og 1878, SG.

Sunnan þjóðvegar og norðan Bugðu eru skikar sem eru kenndir við Baldurshaga, *Dísardalur, Neðridalur, Heiðarbær og Fagrabrekka*, en þessi byggð var að mestu frá 1935. Lítið er eftir af þessari byggð nema torfhús við Dísardal, sem trúlega hefur verið kartöflugeymsla, auk hesthúss við Neðridal. Síðustu árin hefur verið stunduð þar garðrækt og landið notað til beitar. Þegar komið er að *Vegholti* við mynni *Almannadals* er komið að jarðamörkum Grafar og Hólms.

### 4.1.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Grafar

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar, sem skráðar eru undir jörðina Gröf, á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við tvöföldun á Suðurlandsvegi frá Bæjarhálsi að Hólmsá

## Gröf 260-29 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-29** | | Gata | Heimild | 1000-1902 | 364584 | 403003 | 700 | 3 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Í örnefnalýsingu Grafar segir: „Markagróf [eða Margróf] er beint suður af viki í Rauðavatni og liggur sem lægð frá vatninu að Bugðu. Eftir henni eru margar götur og er hún eins og framhald af Fylkisgróf.“[43] Þessi gata er merkt inn á uppdrátt Steindórs Björnssonar frá 1902, sjá mynd 5.[44] Nyrst var gatan vestan við Breiðholtsbraut en fyrir sunnan gatnamót við Selásbraut hefur hún verið austan við Breiðholtsbraut. Áður en Breiðholtsbraut var gerð var á þessu svæði malarvegur sem hafði að mestu verið lagður í þessa gömlu götu. Hann lá suður að Vatnsveituvegi.
**Lýsing:** Þessi gamla gata er horfin í en nú liggur reiðslóði á svipuðum slóðum og að hluta eftir gamla malarveginum.




Mynd 12. Minjar við Breiðholtsbraut: Gata (260-29) lá í suður frá Rauðavatni inn Margróf að Bugðu. Gata (260-47) lá frá Almannadal að Selási. Norðlingabraut (260-108) lá frá Suðurlandsvegi að Bugðu.[45]

[43] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-1).
[44] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.
[45] Landupplýsingagrunnur Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.



Mynd 13. Gamla gatan (26-29) lá á þeim slóðum þar sem nú er reiðstígur vestan við Breiðholtsbraut.

## Gröf 260-44 Fjárborg

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd M | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-44** | Borg | Fjárborg, rista | Tóft | 1878 | 365667 | 402837 | 11 | 10 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Fjárborg er suðvestan í Borgarholti, um 135 m norðaustur af hringtorgi á Suðurlandsvegi við Vegbrekkur og 10 m norður af reiðstíg, á mel sem er vaxinn lúpínu. Í örnefnalýsingu fyrir Gröf segir: „Þar vestur af er Borgarholt og Borgarholtsbrekkur sunnan í holtinu. Vestan í Borgarholti er Borg, gömul fjárborg og tóft nálægt skógræktargirðingunni, Sauðahús.“[46]
**Lýsing:** Fjárborgin er fremur ferköntuð en hringlaga, um 11,5x10 m að stærð. „Veggir úr grjóti 1,5 - 2 m breiðir og um 0,3 - 0,5 m háir, úr 0,2 - 0,5 m stórum steinum. Garðlag má sjá að innanverðu í suður. Dyr ekki sjáanlegar, en hugsanlega í SV. Þar mótar fyrir hellulögn að utanverðu. Fornleifarnar voru töluvert hrundar, og þá meira úti en inni. Í NA-hluta fjárborgarinnar er steinn, 1,0 m langur og 0,5 m hár, með ristum sem snúa inn að miðju fornleifanna. Gólf hallar mót SV. Risturnar eru krossmark yfir ártalinu 1878 og þar undir er fangamarkið SG. Ártalið og fangamarkið innrammað í sinn hvorn rammann. Hæð ristunnar er 0,25 m og breidd 0,195 m.“[47] Áletrunin var rist í steininn þegar hætt var að nota fjárbyrgið eða fjárborgina.[48] Minjarnar eru uppgrónar og er því hér stuðst við eldri lýsingar[49]. Í ljós kom að minjarnar reyndust aðeins stærri en áður hafði verið áætlað. Grjóthlaðin tóftin er grasi- og sinuvaxin að innan en lúpínan hefur tekið sér bólfestu ofan á veggjum tóftarinnar og í kringum hana. Utan við norðvesturvegg er nokkuð hávaxinn trjágróður og þar er borgarminjaskilti Árbæjarsafns. Steinninn með áletruninni er enn á sínum stað.

46 Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).
47 Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 40.
48 Þjóðminjasafn Íslands: Skráningarbók ljósmynda Þórs Magnússonar, nr. 5001-7383. ÞM-5754.
49 Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, bls. 40.



Mynd 14. Horft yfir fjárborgina (260-44) til suðvesturs að hringtorgi og húsum við Hólmavað.




Mynd 15. Fjárborg (260-44), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 16. Fjárborg (260-44), Borg. Horft til norðausturs innan úr tóftinni að steininum með áletruninni, sem er fyrir miðri mynd.



Mynd 17. Áletrun á steini í norðausturvegg fjárborgarinnar (260-44).

**Minjagildi:** Borgin, fjárborgin (260-44) á Borgarholti eru einstakar og fágætar minjar innan borgarlandsins sem hafa mikið minjagildi. Gott dæmi um fjárborg og horfna búskaparhætti. Áletrunin sem klöppuð er á steininn í veggnum er líka athyglisverð þar sem þær eru fágætar. Sá sem skildi þar eftir fangamark sitt hefur haft töluvert fyrir því að skilja eftir spor sín. Tilvaldar minjar til að kynna fyrir almenningi sem á leið hjá á nærliggjandi stíg með fræðsluskilti um notkun og sögu. Fjárborgin er skammt frá öðrum einstökum minjum, Sauðahúsum (260-45), steinhlöðnu tvískiptu útihúsi, sem er 180 m norður af borginni. Hvorutveggja tilheyrði jörðinni Gröf.

## Gröf 260-47 Gamli vegurinn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-47** | Gamli vegurinn | Gata | Heimild | 1800-1900 | 364745 | 403083 | | | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Gata þessi lá frá Almannadal að Selási sunnan við Suðurlandsveg. Í örnefnalýsingu Grafar segir: „Yfir *Klapparholtsmóa* liggur gömul gata frá Almannadal yfir í *Markgróf*, upp *Sauðadal*, *Vegarskarð* og til Árbæjar“.[50] Gata þessi er merkt inn á uppdrátt Steindórs Björnssonar frá árinu 1902,

[50] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3).

þ.e.a.s. sá hluti hennar sem lá frá Almannadal að Selási, (sjá mynd 5, merkt með rauðri línu).[51] Samkvæmt Fornleifaskrá var ástand götunnar talið sæmilegt 1982 og hún flokkuð í C- flokk Þjóðminjasafnsins. Þá sást hún austan við Norðlingabraut og áleiðis upp í Selás. Árið 1994 er gatan talin horfin.[52] Gatan var einnig merkt inn á uppdrátt af Seláslandi frá árinu 1931, frá Baldurshaga og upp á Selás (sjá mynd 7),[53] auk þess sést hún á loftljósmynd frá árinu 1954.[54]
**Lýsing:** Gatan hefur horfið undir byggð og framkvæmdir síðari ára.

## Gröf 260-105 Camp Buller

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-105** | Camp Buller | Braggi, herminjar | Braggabotn | 1940 | 364476 | 403839 | 27 | 12 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Um 20 m vestan og ofan við Suðurlandsveg, norðvestur af Sandvík og 115 m austur af Rauðási, eru leifar af braggabotni. Á tímum hersetunnar voru þarna höfuðstöðvar strandvarna og/eða loftvarnarstórskotaliðs á svæðinu, Camp Buller.[55] Þegar loftmynd var tekin 1954 stóðu þarna tveir braggar en voru horfnir þegar mynd var tekin 1965. Árið 1971 var aðeins grunnur vestara hússins greinilegur en sá eystri hefur horfið við framkvæmdir við Suðurlandsveg 1970.[56]
**Lýsing:** Steyptur grunnur, um 27x12 m, nánast horfinn í gróður; mosa, gras og lúpínu. Við frágang eftir lagnaframkvæmdir sumarið 2020 var skafið ofan af vesturhlið plötunnar.



Mynd 18. Suðausturhorn á braggagrunni (260-105), horft eftir langhlið hans til norðurs.




Mynd 19. Braggagrunnur (260-105) á nýlegri loftmynd.

[51] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.
[52] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifaskrá fyrir Reykjavík“. Óútgefið handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.
[53] Kort af Seláslandi, Magnús Konráðsson sept. 1931, mælikvarði 1:2.500. Mælingadeild Reykjavíkur. Afrit, kortasafn Borgarsögusafns.
[54] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur: Loftljósmynd árið 1954.
[55] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[56] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur: Loftljósmynd árið 1954, 1965 og 1971.

## Gröf 260-106 Camp Buller

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-106 | Camp Buller | Herminjar | Hleðsla | 1940 | 364544 | 403803 | 4,8 | 4 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Um 20 m austan við Suðurlandsveg, austur af Rauðási 12 og um 60 m norðvestur af Sandvík, er grjóthleðsla. Á tímum hersetunnar voru höfuðstöðvar strandvarna og/eða loftvarnar-stórskotaliðs á svæðinu, Camp Buller.[57]
**Lýsing:** Um er að ræða upphlaðinn kant 60 cm á hæð, stærð 4,8x4 m, fyllt að innan með rauðamöl, að kantinum lága vegur. Líklega er þetta frá þeim tíma þegar herinn var með aðstöðu við vatnið. Ekki er alveg ljóst hvaða markmiði kanturinn þjónaði, en hugsanlega var þetta hleðslurampi. Nú á kafi í lúpínu.



Mynd 20. Hleðsla (260-106) sem var undir brú, horft til norðnorðvesturs.




Mynd 21. Ummál grjóthleðslu (260-106) undir brú, teiknað eftir uppmælingu.

## Gröf 260-107 Camp Buller

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-107 | Camp Buller | Braggi | Undirstöður | 1940 | 364566 | 403827 | 9,6 | 4,6 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Austan við malbikaðan gangstíg, um 50 m austan við Suðurlandsveg, norðvestur af Sandvík, eru leifar af braggabotni. Á tímum hersetunnar voru höfuðstöðvar strandvarna og/eða loftvarnarstórskotaliðs á svæðinu, Camp Buller.[58]
**Lýsing:** Leifar af braggabotni. Steyptir sökklar beggja vegna ræsis, grafið hefur verið langsum í gegnum braggabotninn. Mikill gróður er á svæðinu; lúpína, kerfill og trjágróður.

[57] Þór Whitehead, *Ísland í hershöndum,* bls. 124-125.
[58] Þór Whitehead, *Ísland í hershöndum*, bls. 124-125.



Mynd 22. Leifar af braggagrunni (260-107), horft til norðvesturs eftir steinsteyptum leifum suðaustanmegin að ræsinu við gangstíginn.




Mynd 23. Braggagrunnur (260-107) á nýlegri loftmynd.

## Gröf 260-108 Gamla Norðlingabraut

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-107** | Gamla Norðlingabraut | Vegur | Hleðsla, kantur | 1925 | 364760 | 403065 | 27 | 2 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Um 25 m fyrir austan Breiðholtsbraut, suðvestan við hringtorg á Suðurlandsvegi við Rauðavatn. Hluti af gömlu Norðlingabrautinni. Norðlingabraut var gerð samhliða því að úthlutað var lóðum í Seláslandi, samanber kort frá 1931.[59] Sjá staðsetningu á mynd 3 og 12.
**Lýsing:** Steinhlaðinn veggur með hallandi sniði, sem er hlaðinn í götukant gömlu Norðlingabrautarinnar. Hæð um 1,2 m, hleðsluraðir fjórar til fimm, steinar um 30 cm stórir. Kanturinn er grasigróinn, en sést greinilega.



Mynd 24. Hleðsla (260-108) við gömlu Norðlingabrautina, austan við Breiðholtsbraut. Horft til norðausturs.

[59] Kort af Seláslandi, Magnús Konráðsson sept. 1931, mælikvarði 1:2.500. Mælingadeild Reykjavíkur. Afrit, Kortasafn Borgarsögusafns.

## Gröf 260-117 Camp Buller

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-117** | Camp Buller | Herminjar, braggi | Heimild | 1940 | 364445 | 403995 | 26 | 20 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Um 30 m austur af Næfurási og um 50 m vestan við núverandi Suðurlandsveg voru steyptar leifar tveggja braggagrunna sem voru við gamla Suðurlandsveginn (260-147). Á tímum hersetunnar voru höfuðstöðvar strandvarna og/eða loftvarnarstórskotaliðs á svæðinu, Camp Buller.[60] Á loftljósmynd frá 1969 má sjá leifar tveggja samsíða braggagrunna. Sá eystri var með uppsteyptum hliðum en á loftmynd frá 1971 er hann horfinn,[61] væntanlega vegna framkvæmda við gangstígagerð. Sumarið 2020 var unnið að lagnagerð á svæðinu og þá vék vestari grunnurinn fyrir lagnaskurði.
**Lýsing:** Horfið vegna framkvæmda**.** Minjastaðnum hefur verið raskað með lagnaskurði árið 2020 og aðkomuvegi sem liggur yfir hluta staðarins. Á meðan á framkvæmdinni stóð var sjáanleg steinsteypt botnplata sem hafði verið færð til, en eftir frágang er ekkert sjáanlegt.



Mynd 25. Húsgrunnar (260-117) vestan við fyrsta Suðurlandsveginn (260-147) á loftljósmynd frá 1969.[62]




Mynd 26. Kortið sýnir hvar braggarnir (260-117) stóðu.

[60] Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.
[61] Landmælingar Íslands: Loftmyndasafn. Svæði nr. 27- Árbær-Örfirisey. Tökudagur: 1969-09-25. B-4169, og Svæði nr. 27-Grafarvogur-Elliðavatn. Tökudagur: 1973-09-28. D10-D-3951.
[62] Landmælingar Íslands: Loftmyndasafn. Svæði nr. 27- Árbær-Örfirisey. Tökudagur: 1969-09-25. B-4169.

## Gröf 260-140 Ræktunarstöðin við Rauðavatn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-140** | Ræktunarstöðin við Rauðavatn | Lóð | Skógrækt Heimild | 1900-2010 | 365485 | 402977 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Ræktunarstöðin við Rauðavatn var um 13 ha spilda í Grafarlandi austan við Rauðavatn. Skógræktarfélag Reykjavíkur hið eldra stóð þar fyrir plöntun trjáa um 1900. Bjarni Jónsson skrifaði í Skírni árið 1901: „Enn má geta þess að í lok Bújarðarþings 1900 var stofnað skógræktarfélag í Reykjavík. Það ætlar að fá skógræktarteig 36 dagsláttur á stærð í nánd við Rauðavatn. Í stjórn félagsins voru kosnir Steingrímur Thorsteinsson yfirkennari, C. E. Flensborg skógræktarmaður, M. Lund lyfsali, Bjarni Sæmundsson latínuskólakennari og Haraldur Níelsson guðfræðingur“.[63] Spildan er teiknuð inn á uppdrátt Steindórs Björnssonar frá 1902.[64] Þetta er eitt af elstu skógræktarsvæðum landsins og er í dag notað sem útivistarsvæði. Svæðið var áður afgirt en nú er búið að leggja um það stíga og er það nefnt Rauðavatnsskógur.
**Lýsing:** Svæðið er að mestu klætt skógi og öðrum gróðri. Austast á svæðinu var ræktunarreitur. Þar eru hlaðnir veggir úr torfi og grjóti (sjá 260-241) sem afmarka hann, ásamt skurði. Um svæðið lágu gamlir vegir (260-178), (260-159) og einn yngri (260-161). Svæði var girt með gaddavírsgirðingu og var hlaðið undir girðinguna (sjá 260-142). Einn hornstaur úr girðingunni var tekinn upp og settur á Landbúnaðarsafnið (sjá 260-143).



Mynd 27. Minjasvæðið suðaustan við Rauðavatn.[65]

[63] Bjarni Jónsson. „Fréttir frá Íslandi“, bls. 14.
[64] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.
[65] Landupplýsingagrunnur Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.




Mynd 28. Hluti af uppdrætti Steindórs Björnssonar frá 1902.[66] Reiturinn er merktur Skógræktarstöðinni og er austan við Rauðavatn. Landið var allt girt (260-142). Á svæðinu var ræktunarreitur austast í girðingunni, undir brekkunni (260-141). Við Suðurlandsveg var hlið og frá því að ræktunarreitnum lá „Braut“ (260-159).

## Gröf 260-141 Ræktunarreitur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-141** | | Ræktunarreitur | Garður | 1900 | 365585 | 403063 | 254 | 1,2 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Ræktunarstöðin við Rauðavatn var um 13 ha spilda í Grafarlandi austan við Rauðavatn. Spildan er teiknuð inn á uppdrátt Steindórs Björnssonar frá 1902.[67] Austast á spildunni var stór ræktunarreitur. Sjá mynd við skráningu (260-140).
**Lýsing:** Stórt og mikið garðlag sem afmarkaði ræktunarreitinn, hlaðið úr torfi og grjóti. Garðurinn afmarkar svæði þar sem forræktun fór fram. Lengd garðsins er um 250 m, breidd um 1,2 m og hæð 0,5-1,2 m. Garðurinn er mosa- og grasi vaxinn. Með vesturhliðinni er grunnur skurður.



Mynd 29. Norðvesturhornið á garðlaginu (260-141), horft til suðurs.



Mynd 30. Norðurhlið garðsins (260-141), horft til austurs.

[66] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.
[67] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.

## Gröf 260-142 Girðing

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-142** | | Girðing | Garðlag | 1900 | 365662 | 402922 | 410 | 0,8-1 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Ræktunarstöðin við Rauðavatn var um 13 ha spilda í Grafarlandi austan við Rauðavatn. Spildan er teiknuð inn á uppdrátt Steindórs Björnssonar frá 1902.[68] Í kringum spilduna var girðing, að austan og suðaustan hefur verið hlaðið undir girðinguna, sjá mynd við skráningu (260-140).
**Lýsing:** Garðlagið á suðausturhliðinni er greinilegt frá reiðstíg meðfram gangstíg sem liggur frá honum til suðvesturs að undirgöngum við Suðurlandsveg, lúpínuvaxið, en til suðausturs sést það lítið er á kafi í trjágróðri. Við norðurhliðina og tóft Sauðahúsanna (260-45) eru leifar af girðingunni ásamt járnstaur og kraftstaur með sjö strekki rúllum fyrir vír.


Mynd 31. Lúpínuvaxið garðlag undir girðingu (260-142) á suðurhlið, horft til suðvesturs að undirgöngum.


Mynd 32. Garðlag (260-142) á suðurhlið skógræktarinnar, horft til austurs.


Mynd 33. Garðlagið (260-142) við norðurhlið, horft til suðurs.


Mynd 34. Kraftstaur með strekki rúllum við tóft Sauðahúsa (260-45).

[68] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.

## Gröf 260-143 Girðingarstaur, Ræktunarstöðin við Rauðavatn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-143** | Ræktunar-stöðin við Rauðavatn | Girðingarstaur | Heimild | 1900 | 365459 | 402846 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Staur úr suðausturhorni girðingar Ræktunarstöðvarinnar við Rauðavatn. Stóð rétt austan við undirgöng undir Suðurlandsveg og 55 m í vestur frá hringtorgi við sama veg. Staurinn var tekinn upp og er geymdur á Landbúnaðarsafni Íslands. Annar eins staur er rétt við sauðhúsatóftina (260-45) efst í girðingunni.
**Lýsing:** Staurinn er úr járni, um 222 cm langur, og á honum var strekki búnaður fyrir sjö víra, neðst á honum var platti.[69]

## Gröf 260-146 Baldurshagi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-146** | Baldurshagi | Býli | Heimild | 1905-1970 | 365288 | 402898 | 18 | 9 | Ómetið | Já |




Mynd 35. Baldurshagi og umhverfi árið 1971. Áætlaðar framkvæmdarlínur ljósgráar, lagðar yfir loftljósmynd.[70]

**Staðhættir:** Baldurshagi var við Suðurlandsveg, um 75 m austan við þar sem nú er bensínstöð OLÍS. Um 1905 var landspilda við Suðurlandsveg seld úr landi Grafar/ Grafarholts og nefnd Baldurshagi. Að austanverðu afmarkaðist land Baldurshaga af ánni Bugðu en vestan við það var Klapparholt og Selásland. Greiðasala og gistihús var þar þekkt í Baldurshaga frá 1907[71] ásamt hefðbundnum búskap, líkt og í Árbæ, Ártúni og Lögbergi í Lækjarbotnum, en skömmu fyrir 1920 var reist þar timburhús (hugsanlega fyrr, eða fyrir 1906). Árið 1932 var Baldurshagi í sjálfsábúð, húsið kynt með miðstöð, og

[69] Bjarni Guðmundsson og Jón Geir Pétursson: „Rauðavatnsstöðin - sögubrot af vandaðri girðingu," bls. 68.
[70] Landsupplýsingagrunnur Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 1971, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[71] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifaskrá fyrir Reykjavík". Óútgefið handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík og *Þjóðólfur*, 22. febrúar 1907, bls. 1.

þar var símstöð. Túnið var girt af með garði eða girðingu og var um 1,2 ha að stærð. Bústofninn var tvær kýr og tveir hestar árið 1932.[72]
Á hernámsárunum tók breski herinn Baldurshaga yfir og nefndi *Café Broadway*. Baldurshagi brann 19. apríl 1942 en veitingasalan var opnuð aftur í húsinu í júlí sama ár. Veitingasala var starfrækt fram undir 1950 en þá var reksturinn lagður niður. [73] Húsið var brunavirt árið 1943, þá í eigu Runólfs Péturssonar og Jóns Einarssonar. Húsið var byggt úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og múrhúð á veggjum og með asbestþak á pappa og borðsúð. Allt húsið var þiljað að innan með plötum og allt rými veggfóðrað eða málað að innan. Í húsinu voru fimm íbúðarherbergi, veitingasalur, eldhús, tveir geymsluklefar og tveir gangar. Steinsteyptur grunnur var undir húsinu og var það hvíttað að utan. Lengd hússins var 18 m, breidd 9 m, hæð 2,9 m og ris 0,8 m. Í húsinu voru kolavélar, vatns- og skólplagnir. [74] Húsið hefur líklega verið í grunninn eins frá því að það var byggt. Engin mynd er til af húsinu.
**Lýsing:** Horfið. Engar minjar voru sjáanlegar árið 1980 þegar fornleifaúttekt var gerð, en umhverfis túnið, sem var um 1,2 ha, var girðing.[75] Húsið, eða grunnur þess, hefur líklega staðið fram undir 1972 en þá líklega rifið. Lengi stóðu tveir skúrar við veginn, sem voru hesthús.[76] Mikið rót var á þessum stað árið 2007 þegar gengið var frá lóð Olís.[77]

## Gröf 260-147 Fyrsti Suðurlandsvegurinn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-147** | Suðurlandsvegur | Vegur | Vegur | 1886-1950 | 364362 | 404208 | | 5 | Slæmt | Nei |




Mynd 36. Rauðavatn og nágrenni 1909. Á kortinu eru vagnavegir merktir með tvöfaldri línu en vegaslóðar með einfaldri línu. Þeir síðarnefndu er mun fleiri og hafa vafalaust verið notaðir öldum saman.[78]



Mynd 37. Fyrsti Suðurlandsvegurinn (260-147) á milli Selásbrautar og hringtorgs við Bæjarháls, horft til suðausturs.

**Staðhættir:** Fyrsti Suðurlandsvegurinn frá Reykjavík og austur í Svínahraun var lagður á árunum 1886–1892.[79] Vegurinn lá frá Árbæ eftir Rofabæ að Rauðavatni og austur. Sá hluti hans sem er í Grafarlandi er frá Bæjarbraut að Almannadal. Vegur þessi er skráður númer (262-15) þar sem hann er í landi Árbæjar, númer (213-34) í landi Hólms og númer (0-34) í landi Geitháls. Í reglugerð með lögum

[72] *Fasteignabók 1932*, bls. 25.
[73] *Alþýðublaðið*, 19. apríl 1942, bls. 2.
[74] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-1943 til 10-05-1945. Aðfnr. 749. Baldurshagi, Suðurlandsbraut, brunabótanúmer. 4216. Brunabótavirðing dags. 15.10. 1943, bls. 81.
[75] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifaskrá fyrir Reykjavík“. Óútg. handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.
[76] Landupplýsingarkerfi Reykjavíkur: Loftljósmynd 1995.
[77] Landupplýsingarkerfi Reykjavíkur: Loftljósmynd 2007.
[78] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. Generalstabens topografiske Afdeling, 1909 Köbenhavn.
[79] Magnús Grímsson. „Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi“, bls. 93.

um vegi 1875 var sagt að hann skyldi vera 10 feta breiður (3,13 m), upphlaðinn og púkkaður með grjóti; var það til að þess að hestalestir gætu mæst á veginum.[80] Vegstæðið hefur víða verið notað áfram fyrir veg, göngustíga og reiðvegi. Greina má veginn á grænu svæði austan við Selásbraut og vestan við hringtorg á Bæjarhálsi. Síðan liggur hann undir malbikuðum göngustíg austan við Norðurás 6. Við Rauðavatn er hann líklega undir núverandi vegi, en við Rauðavatnsskóg þar sem nú er reiðvegur.
**Lýsing:** Við Selásbraut má greina malardreif í sverði, lengd 64 m og breidd 5 m.

## Gröf 260-151 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-151** | | Gata | Gata | 1000-1990 | 365854 | 402681 | 750 | 2 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Gatan liggur norðan og norðvestan við Aðveitustöðina (Vegbrekkur 43) og áfram norðaustur að Sprengigeymslunum og svo í átt að Almannadal. Þessi leið er mjög gömul og er trúlega ein af fornum leiðum sem nefndar eru í örnefnaskrá Björns Bjarnasonar yfir Grafarholt.[81] Sjá mynd 6 og 234.
**Lýsing:** Mjög djúpar og grafnar moldargötur sem eru að gróa upp.



Mynd 38. Horft til suðvesturs eftir götu (260-151).



Mynd 39. Horft til vesturs eftir götu (260-151).

## Gröf 260-153 Elliðavatnsvegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-153** | Elliðavatns-vegur | Vegur | Vegur | 1850-1902 | 365098 | 402562 | 150 | 4 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Vegur þessi er merktur inn á kort frá árinu 1909 vestan við Baldurshaga og beint í suður að Klapparvaði.[82] Vegurinn er teiknaður inná kort frá 1992 og árið 1995 þegar Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur skráir þessar minjar var vegurinn um 400 m langur (NA-SV) frá Suðurlandsvegi að Bugðu, en breidd hans var um 4–5 m.[83] Þá hafði verið borið í veginn nyrst og beggja vegna voru Baldurshagablettir, syðst tók síðan við allgróinn kafli niður að Bugðu. Sá hluti er varðveittur að mestu í dag eða um 150 m. Vegur þessi var notaður sem akvegur inn í Rauðhóla og að Elliðavatni allt til ársins 1965. Vegurinn getur hafa verið lagður í eldri þjóðveg.[84]
**Lýsing:** Vegur þessi er greinilegur á milli Norðlingabrautar og Kambavaðs og norðan við Hólavað 73 og í suður að norðurbakka Bugðu og áfram sunnan við hana vestan við Rauðhóla að reiðgötu og gerði 60 m norðaustan við brú yfir Bugðu norðan við Elliðavatn.

[80] Magnús Grímsson: „Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi", bls. 88.
[81] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-2).
[82] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-2). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.
[83] Helgi M. Sigurðsson: *Norðlingaholt bls. 5*, Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, nr. 153.
[84] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, nr. 153.



Mynd 40. Vegur (260-153), horft til suðurs að Bugðu.



Mynd 41. Vegur (260-153), horft til norðurs Hólavað 73 til hægri grjótgarður vestan við.

## Gröf 260-154 Dísardalur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-154** | Dísardalur | Íbúðarhús | Heimild | 1935-1987 | 365864 | 402497 | 8,6 | 7,4 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Sunnan við Suðurlandsveg, norðan við Bugðu og suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935 (260-154).[85] Dísardalur (Dísadalur) var sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, næsti blettur austan við Sólnes. Samkvæmt brunavirðingu var íbúðarhúsið byggt 1935 úr bindingi og klætt að utan með borðum, pappalistum og járni á veggjum og þaki. Í því voru þrjú herbergi, eldhús, anddyri og geymsla. Steinsteyptur kjallari var undir húsinu að hluta og þar voru miðstöðvarherbergi og geymslur.[86] Í Dísardal var landsímastöð til 12. júlí 1961, en þá var stöðin lögð niður.[87] Flutt var úr húsinu 1987[88] og í kjölfarið var það rifið.
**Lýsing:** Húsið er horfið. Á blettinum eru allnokkur ummerki eftir búsetu. Afleggjari frá Suðurlandsvegi að húsinu er greinilegur og fyrir ofan bæjarstæðið er stölluð brekka.



Mynd 42. Bæjarstæði Dísardals, horft til suðausturs, stölluð brekka til vinstri.

[85] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.
[86] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351. Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 117.
[87] *Póst og símatíðindi* 1.09.1961. bls. 4.
[88] Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, http://archive.ph/Xzmet, sótt 30.11.2020.




Mynd 43. Baldurshagablettir við Bugðu: Sólnes, Dísardalur, Neðridalur, Heiðabær og Fagrabrekka.[89]

## Gröf 260-155 Dísardalur, kartöflugeymsla

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-155** | Dísardalur | Kartöflu-geymsla | Tóft | 1935-1987 | 365829 | 402530 | 10 | 6,5 | Sæmilegt | Nei |



Mynd 44. Kartöflukofi (260-155), horft til austurs.



Mynd 45. Kartöflukofi (260-155), horft til suðvesturs.

**Staðhættir:** Sunnan við Suðurlandsveg, norðan við Bugðu og suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935 (260-154).[90] Kartöflukofinn er norðvestan við bæjarstæðið.
**Lýsing:** Húsið er um 10x6,5 m að utanmáli og um 5x3 m að innanmáli. Hlaðið úr torfi og grjóti, torf og járn á þaki, sem nú er hrunið. Dyraumbúnaður stendur enn í suðvesturgafli.

[89] Landupplýsingakerfi Reykjavíkur: Loftljósmynd 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[90] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.

## Gröf 260-156 Dísardalur tóft

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-156** | Dísardalur | Óþekkt | Tóft | 1935-1950 | 365886 | 402488 | 10 | 9 | Gott | Nei |



Mynd 46. Tóft (260-156) á bæjarstæði Dísardals, horft til suðurs.

**Staðhættir:** Sunnan við Suðurlandsveg, norðan við Hólmsá og suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935 (260-154).[91] Tóftin er suðaustan við bæjarstæðið.
**Lýsing:** Tóftin er grafin inn í brekkuna og snýr í norðaustur-suðvestur. Gólfið er niðurgrafið í miðju og með langhliðum eru pallar. Inni í tóftinni er gamall pottofn. Líklega hefur aldrei verið reist þak yfir þessa tóft.

## Gröf 260-157 Dísardalur ræktunarreitir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-157** | | Ræktunarreitir | Garðlög | 1935-1987 | 365937 | 402453 | 50 | 46 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Sunnan við Suðurlandsveg, við Bugðu á lóð Dísardals eru ræktunarreitir.
**Lýsing:** Ræktunarreitirnir eru á um 50x46 m svæði og eru afmarkaðir með garðlögum úr grjóti. Austast, á lóðamörkum, er voldug garðhleðsla um ílangt svæði þar sem nú er nokkuð af trjágróðri. Á svæðinu vestan við eru afmarkaðir minni reitir og neðst eru leifar af girðingu. Inni á miðju svæðinu er lítill timburkofi. Sjá mynd við skráningu (260-154).

[91] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.



Mynd 47. Ræktunarreitir (260-157), horft til norðausturs. Fyrir miðju í trjáþykkni er lítill kofi. Til hægri er ílangur reitur afmarkaður með voldugum grjóthleðslum.



Mynd 48. Ræktunarreitir (260-157), horft til suðurs.

## Gröf 260-159 Braut

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd M | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-159** | Braut | Vegur | Heimild | 1905 | 365508 | 403033 | 270 | | Ómetið | Já |






Mynd 49. Braut er merkt inn á kortið með rauðu. Hliðið var líklega á sama stað og nú er gengið inn.

**Staðhættir:** Vegur er merktur inn á uppdrátt frá 1902 eftir Steindór Björnsson sem sýnir Rauðavatn og nágrenni. Skógræktarstöðin, Rauðavatnsstöðin, er teiknuð á uppdráttinn og inn á svæðið er teiknaður vegur, „Brautin“, sem lá frá hliðinu þar sem farið var inn í skógræktarreitinn við

Suðurlandsveg, gegnt Olís bensínstöðinni, og í norðaustur að því svæði þar sem vermireitir voru. Kortið er ekki nákvæmt.[92]
**Lýsing:** Horfin. Engin ummerki sjást eftir brautina, hvorki á gömlum loftljósmyndum eða á staðnum, en hliðið inn í stöðina var líklega á sama stað og nú er gengið inn við Suðurlandsveg.

## Gröf 260-160 Tóft

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd M | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-160** | | Rúst | Tóft | 1900 | 364632 | 403520 | 9 | 7 | Sæmilegt | Nei |



Mynd 50. Hringlaga garðlag (260-160), horft til suðvesturs.




Mynd 51. Mannvirki 260-160, teiknað upp eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Tóftin er um 45 m austur af Suðurlandsvegi á milli reiðvegar og göngustígs við Rauðavatn, á dálitlu nesi sunnan við Sandvík. Skráð sem fornleifar í Fornleifaskrá Reykjavíkur 1985.[93]
**Lýsing:** Hringlaga garðlag, veggir úr torfi um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m. á hæð, op til suðurs. Veggir eru mosa- og grasi vaxnir og lúpína hefur stungið sér niður á nokkrum stöðum. Rústin er ekki gróin að innan. Ekki er ljóst hvort þetta er torfhlaðið mannvirki eða ekki, en ef svo er þá er það gamalt. En hafi veggir verið gerðir með því að mokað hefur verið upp í þá úr miðjunni þá eru þessar minjar líklega herminjar. Úr því fæst skorið með fornleifarannsókn.

## Gröf 260-161 Vegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-161** | | Vegur | Vegur | 1954 | 365499 | 403014 | 350 | 3 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Vegur lá frá Suðurlandsvegi, gegnt þar sem nú er bensínstöð Olís, í austur að ræktunarreit sem var austar á svæði Skógræktarstöðvarinnar, sést á loftmynd frá 1954. Aðkomuvegur að ræktunarreitnum, líklega frá miðri síðustu öld.
**Lýsing:** Vegurinn var um 350 m langur og er að mestu gróinn upp og horfinn, nema á 60 m kafla þar sem hann er notaður sem gangstígur í núverandi stígakerfi.

[92] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Grafar (181179-260-3). Uppdráttur frá 1902 eftir Steindór Björnsson.
[93] Guðmundur Ólafsson: „Fornleifaskrá fyrir Reykjavík“. Óútgefið handrit. Sjá Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.



Mynd 52. Vegur (260-161). Borið hefur verið í veginn þar sem hann er hluti af núverandi stígakerfi skógarins, horft til norðausturs.

## Gröf 260-163 Columbus Dump

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-163** | Camp Columbus Dump | Herbúðir | Heimild | 1940 | 365535 | 402714 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Birgðastöð hersins, Columbus Dump, var á mel sunnan við Suðurlandsveg og austan við Hólmavað, þar sem nú er opið svæði. Um 25-30 braggar hafa tilheyrt þessum herbúðum. Vegur lá um svæði frá Suðurlandsvegi að Steinastöðum, sem var sumarhús við Bugðu.[94]
**Lýsing:** Nokkur ummerki eru eftir braggahverfið, en efst við Suðurlandsveginn er ekki hægt að greina nein ummerki þar sem allt er komið á kaf í gróður, aðallega lúpínu. Árið 2006 var þetta svæði fyllt upp og sléttað að norðan, en sunnar, neðan við hljóðmön við Hólmavað, eru steypuleifar, sennilega hluti af braggabotnum sem fóru undir mönina. Þar fyrir neðan er greinilegur vegur, lúpínuvaxinn, sem liggur í boga frá malbikuðum gangstíg og kemur aftur að honum 115 m neðar. Suðaustan við hann eru ummerki eftir bragga og fyrir neðan veginn nær ánni má greina ummerki eftir tvo bragga og annan fyrir ofan.

[94] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125 – Landupplýsingakerfi Reykjavíkur, Loftljósmynd 1965.



Mynd 53. Camp Columbus Dump var sunnan við Suðurlandsveg og austan við Hólmavað.[95]



Mynd 54. Horft til suðvesturs yfir svæðið þar sem Camp Columbus Dump var.


Mynd 55. Vegur liggur í sveig með grenilundinum og fyrir neðan staka tréð var braggi, horft til suðvesturs.


Mynd 56. Fremst stóð braggi og vegur liggur í sveig með grenilundinum, horft til norðausturs.

[95] Landupplýsingakerfi Reykjavíkur: Loftljósmynd 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.

## Gröf 260-164 Dísardalur ræktunarreitir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-154** | Dísardalur | Ræktunarreitur | Garðlag | 1935-1987 | 365812 | 402564 | 34 | 7 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Húsið Dísardalur var byggt 1935.[96] Ræktunarreitur er norðvestan við bæjarstæðið.
**Lýsing:** Ræktunarreiturinn er um 34x7 m og liggur í norðvestur-suðaustur. Reiturinn er afmarkaður og skiptist upp í fimm hólf með garðlögum. Sunnan við ræktunarreitinn er vegarslóði, um 50x5 m.



Mynd 57. Ræktunarreitir (260-154) í Dísardal, horft til suðurs.

## Gröf 260-165 Neðridalur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-165** | Neðridalur | Íbúðarhús | Heimild | 1935-1990 | 366032 | 402406 | 10 | 11 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Húsið Neðridalur var byggt á einum af Baldurshagablettum árið 1935, en búið var í því til 1990.[97] Húsið var um 10x11 m að stærð og stóð suður af hesthúsi sem enn stendur á lóðinni (byggt eftir 1970). Vestar á lóðinni voru tvö stór útihús.[98]
**Lýsing:** Á skikanum eru töluverð ummerki eftir búsetu. Engin ummerki eru eftir íbúðarhúsið og annað hús sem stóð vestan við það á sléttuðum malarflötum. Efst norðvestan við hesthúsið er grasigróinn, steinsteyptur húsgrunnur og fyrir neðan það er sólbaðsskeifa og nokkur tré. Fyrir neðan er stallur sem á stóð hús og framan í kantinum er stór steinn og tunnur sem fylltar hafa verið af jarðvegi, steypuleifar, holsteinn, timbur o.fl. Fyrir neðan stallinn er ræktunarreitur. Fyrir neðan bæjarstæðið eru ræktunarreitir og suðaustur af því eru ummerki eftir lítil hús sem stóðu þar um tíma.

---

96 Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.
97 Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, http://archive.ph/Xzmet, sótt 30.11.2020.
98 Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), loftmynd 1971.



Mynd 58. Bæjarstæði Neðridals, horft til norðausturs.



Mynd 59. Steinsteyptur húsgrunnur norðvestan við hesthús, horft til suðausturs.



Mynd 60. Sólbaðsskeifa og trjálundur, horft til vesturs.



Mynd 61. Stallur sem hefur verið gerður fyrir hús, horft til suðausturs.



Mynd 62. Kantur fyrir framan stallinn, horft til norðvesturs.



Mynd 63. Ræktunarreitir ofan við Hólmsá, horft til suðurs.



Mynd 64. Ummerki eftir lítil hús við árbakkann, horft til norðvesturs.

## Gröf 260-167 Fagrabrekka

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-167** | Fagrabrekka | Íbúðarhús | Steypt plata | 1935-1971 | 366141 | 402347 | 10 | 11 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Fagridalur, áður Vetrarbraut, var byggt 1935.[99] Á bæjarstæðinu stóðu tvö hús sem brunnu 1971.[100] Eystra húsið var eldra og stóð um 10 m norður og upp af Bugðu. Í brunavirðingu frá 1943 kemur fram að húsið var steinsteypt með pappaþaki á borðsúð. Það var allt þiljað innan og málað. Í húsinu voru fjögur herbergi, eldhús og anddyri. Steinsteyptar tröppur voru við húsið og steyptur pallur með handriði fram með annarri hlið þess.[101] Annað hús var reist vestan við en ekki er ljóst hvenær það var byggt.
**Lýsing:** Á skikanum, sem er stallaður niður að Bugðu, eru allnokkur ummerki eftir búsetu. Við veginn (213-77) eru leifar af girðingu og annar af tveimur hliðstólpum stendur, en hinn er fallinn og liggur fyrir neðan bæjarstæðið. Þar eru tveir steinsteyptir húsgrunnar. Sá eystri, sem eldra húsið stóð á, er lúpínu- og grasi gróinn að mestu leyti og við suðurhlið eru tröppur niður á lægri flöt. Vestan við grunninn eru mosavaxnir, steinsteyptir sökklar yngra hússins, og í brekkunni vestan við hann eru steinsteyptar tröppur upp á aðra flöt. Ummerki eru eftir ræktunarreiti bæði fyrir ofan og neðan bæjarstæðið. Fyrir neðan húsið eru tvö garðlög sem hafa afmarkað ræktunarreiti og greinileg beð í öðrum.



Mynd 65. Fagrabrekka eftir brunann 1971.[102]

[99] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.
[100] *Vísir* 21.5.1971 bls. 9 og Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, http://archive.ph/Xzmet, sótt 30.11.2020.
[101] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351. Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 118.
[102] Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, http://archive.ph/Xzmet, sótt 30.11.2020. Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351. Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 117.



Mynd 66. Bæjarstæði Fögrubrekku/ Vetrarbrautar (260-167), horft til austurs. Næst eru steyptir sökklar yngra hússins, fjær þar sem rafmagnsstaurinn stendur er grunnur eldra hússins og vinstra megin er hliðstólpi.



Mynd 67. Mosa- og gróðurvaxnar steintröppur við suðurhlið húsgrunns eldra hússins, horft til norðurs.



Mynd 68. Bæjarstæði Fagradals, horft til norðvesturs. Yst hægramegin er vegur (213-77), þá hliðstólpinn og bæjarstæðið og vestar eru garðlög.

## Gröf 260-168 Heiðarbær

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-168** | Heiðarbær | Hús | Heimild | 1943-1971 | 366100 | 402341 | 8,6 | 5,5 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Sunnan við Suðurlandsveg norðan við Bugðu, suðaustan við Sólnes, voru nokkrir Baldurshagablettir. Þar myndaðist nokkur byggð upp úr 1940 og árið 1943 voru brunavirt níu hús. Heiðarbær var byggður 1935.[103] Íbúðarhúsið stóð um 20 m upp og austur af Bugðu, vestan við Fögrubrekku (260-167). Það var byggt úr bindingi, klætt utan með borðum á veggjum og með þaki úr báruasbesti á pappa og borðasúð. Steinsteyptur grunnur var undir húsinu. Í húsinu voru fjögur

[103] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl.: *Byggðakönnun, Borgarhluti 7 – Árbær*, bls. 37.

herbergi, eldhús og forstofa, allt þiljað innan ýmist með panel eða krossviði og olíuborið. Veggsvalir voru út frá húsinu.[104]
**Lýsing**: Á spildunni eru lítil ummerki eftir búsetu. Í kanti við brún á stalli sem íbúðarhúsið stóð á eru steypuklumpar sem hafa líklega verið grunnur hússins sem hefur sennilega verið rutt út.




Mynd 69. Bæjarstæði Heiðarbæjar (260-168) ásamt Neðridal og Fögrubrekku, horft til norðausturs.



Mynd 70. Kantur við stall með grjóti og steypuklumpunum úr húsgrunni Heiðarbæjar sem stóð þar, fyrir miðri mynd.

## Gröf 260- 173 Baldurshagablettir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-173** | Baldurshagablettir | Hús og götur | Heimild | 1920-1950 | | | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Baldurshagablettir voru skikar úr landi Baldurshaga (Baldurshagi 1-25). Blettirnir náðu frá Suðurlandsvegi í norðri að Bugðu í suðri, þar voru voru reist sumar- og íbúðarhús, sjá kort frá 1971 á mynd 8.[105] Byggðin hefur verið skráð fyrir austan Sólnes.
**Lýsing:** Horfnar minjar, hús, vegir og mannvirki.

[104] Borgarskjalasafn: Brunabótavirðingar. Bók 01-07-143 til 10-05-1945 Aðfnr. 749. Brunabótanúmer. 4351. Brunabótavirðing dags. 16.10.1943, bls. 117.
[105] Borgarsögusafn: Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík: Gröf-Grafarholt. „Baldurshagablettir, m. 1:2000.“ Finnur Kristinsson gerði kortið 1971. Afrit.

## Gröf 260-174 Selásland

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-174** | Selásland | Hús og götur | Heimild | 1920-1950 | | | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Þar sem nú er byggðin Norðlingaholti var áður Selásland.[106] Þetta er land sem var fyrir vestan Baldurshaga og nær út að Breiðholtsbraut í vestur, í norður að Suðurlandsvegi og í suður að Elliðavatni. Innan þessa svæðis er Klapparholt og Klapparholtsmóar. Sjá mynd 7.
**Lýsing**: Horfnar minjar, hús, vegir og mannvirki.

## Gröf 260-178 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-178** | | Gata | Gata | 1850 | 365541 | 402865 | 620 | 3 | Sæmilegt | Nei |



Mynd 71. Gata (260-178). Búið er að bera í hluta götunnar þar sem hún er hluti af skógarstígum, horft í vestur.

**Staðhættir:** Gömul gata sem lá frá vestri til austurs þar sem nú er Rauðavatnsskógur. Greina má götuna á loftljósmynd frá árinu 1954, þar sýnist hún vera mjög djúp.[107] Gatan er í dag hluti af stígakerfi skógarins. Hún hefur líklega verið ein af fornu leiðunum sem lágu frá Hólmi að Árbæ, sem gamli Suðurlandsvegurinn leysti af árið 1886.
**Lýsing:** Gatan er að mestu horfin undir skóg og annan gróður. Sums staðar er gatan hluti af stígakerfi skógarins og þar er búið að bera möl í hana, en þar má sjá gömlu kantana sem eru hærri en núverandi malarslóði.

[106] Kort af Seláslandi, mælikvarði 1:2.500, Magnús Konráðsson sept.1931. Mælingadeild Reykjavíkur. Afrit, Kortasafn Borgarsögusafns.
[107] Landupplýsingar Reykjavíkur (LUKR), Loftmynd 1954.

## Gröf 260-179 Sumarhúsalóðir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-179** | | Sumarhúsa-lóðir | Heimild, garðar | 1957-2000 | 364676 | 404006 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Eftir að Reykjavíkurbær eignaðist jörðina Grafarholt (Gröf) var ákveðið að skipuleggja hluta hennar sem sem sumarbústaðarland enda var mikil eftirspurn eftir þeim. Árið 1951 var því úthlutað um 102 blettum við Rauðavatn þegar nýtt svæði var tekið þar í notkun. Ekki var þó um erfðafestufyrirkomulag að ræða heldur var blettunum úthlutað undir sumarbústaði með tilheyrandi ræktun og ekki var ætlast til að þess að þar væri haldinn búpeningur.[108] Gatan með Rauðavatni var nefnd Aðalbraut.
**Lýsing:** Enn má sjá hluta af þessu hverfi, flest húsin eru horfin en trjágróður afmarkar lóðirnar.

## Gröf 260-186 Listaverk Baugur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-186** | Baugur | Listaverk | Skúlptúr | 2000 | 364949 | 403202 | 15 | 11 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Við Rauðavatn austan við Suðurvík á tanga, um 40 frá reiðstíg, er útilistaverkið Baugur eftir Guðlaug Valgarðsson. Árið 2000 var Reykjavík útnefnd ein af níu menningaborgum Evrópu. Þá voru listamenn fengnir til að gera listaverk fyrir sýninguna *Landlist við Rauðavatn* sem var á dagskrá menningarborgar Evrópu það ár. Sautján listamenn unnu að sýningunni með aðstoð nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur, við Rauðavatn og uppi á heiði.[109]
**Lýsing:** Baugur er sporöskjulagaður skúlptúr þar sem tveir hringir koma saman. Virðist mótaður úr jarðvegsefnum sem tyrft hefur verið yfir. Er grasigróinn og stallaður að innan.



Mynd 72. Baugur eftir Guðlaug Valgarðsson, skúlptúr frá síðustu aldamótum, horft til norðausturs.

[108] Eggert Þór Bernhardsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 85.
[109] Leiðarkort um sýninguna: *Landlist við Rauðavatn*.



Mynd 73. Baugur eftir Guðlaug Valgarðsson, skúlptúr frá síðustu aldamótum, horft til vesturs.

## 4.2 Hólmur 181149 213

### 4.2.1 Hólmur – saga

Hólmur er efsta og austasta býlið í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Bæjarstæðið er sunnan við Hólmsá í jaðri Hólmshrauns, sunnan Suðurlandsvegar. Ekkert er vitað um upphaf byggðar þar. Jörðin hefur orðið eign Viðeyjarklausturs um 1234 en í máldagaskrá um eignir staðarins segir: „Hamvndur gaf til staðarins holm þann. er liggr j elliða am. niðr fra Vatzenda holmi.“[110] Jarðarinnar er getið í skrá um þær jarðir sem komið höfðu undir Viðeyjarklaustur síðan Páll ábóti kom til Viðeyjar.[111]

Við siðaskipti varð jörðin konungseign sem og aðrar klausturjarðir. Í Jarðabókinni 1703 er greint frá marghattuðum kvöðum sem hvíldu á ábúandanum á Hólmi. Segir meðal annars frá því að ábúandi þurfti að fara í verslun á Eyrarbakka fyrir Bessastaðamenn og tók ferðin viku í hvert sinn. Jarðabókin greinir einnig frá því að á Hólmi sé skógur aldeilis eyddur og hrísrif orðið naumlegt. Jörðin hélst í eigu ríkisins fram til um 1960 að Reykjavíkurborg keypti hana.[112]




Mynd 74. Hluti af korti af svæðinu frá árinu 1831. Þjóðleiðin er merkt inn á kortið og lá norðan við Bústaði yfir Elliðaár, sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin upp í þrennt. Ein leiðin lá fyrir mynni Grafarvogs, sem samsvarar Vesturlandsvegi, önnur að Reynisvatni og þaðan að Þingvöllum, sú þriðja að Hólmi, sem samsvarar Suðurlandsvegi. Árið 1831 virðist sem leiðin hafi legið yfir Bugðu á vaði og áfram austur með Hólmsá að sunnan að Hólmi og áfram að vaði yfir Suðurá, en þar má finna merki í hrauninu þar um mikla umferð hesta.[113]

Hólmur var í alfaraleið fyrir þá sem áttu leið um Suðurland og þegar nýr vagnavegur var gerður á árunum 1886-1892 var hann lagður norðan við Hólmsá, sjá mynd 74.

---

[110] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 507.
[111] *Íslenzkt fornbréfasafn* , III. bindi, bls. 598.
[112] Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 282-283. Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 54.
[113] Landsbókasafn Íslands: Gullbringu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnesssýslu, mæld og teiknað að til hlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.




Mynd 75. Kort frá árinu 1909 sem sýnir gamla Suðurlandsveginn (213-34) frá Rofabæ í austur með Hólmsá að norðanverðu og yfir á brú við Hólmsá merkt *Rauðabrú* á kortinu. Leiðin til Þingvalla lá þá vestan við Geitháls. Á þessu korti eru vagnavegir sýndir með tvöfaldri línu en reiðslóðar eða götur með einfaldri línu, eins og vegur að Elliðavatni[114]

Túnakort er til af bæjarstæði Hólms frá 1916 sem sýnir húsaskipan og skipulag á bæjarstæðinu. Á því kemur fram að túnið hafi mest allt verið sléttað úr kargaþýfi af þáverandi ábúanda, Eggerti Guðmundssyni.




Mynd 76. Túnakort af Hólmi frá árinu 1916, hluti. Kortið sýnir staðsetningu bæjarhúsanna sunnan við Hólmsá, norðurpíla er ekki rétt, áin liggur nánast í austur-vestur.[115]

Nokkur sumarhúsabyggð reis í Hólmslandi um 1940, þar á meðal á skikum á norðurbakka Hólmsár þar sem Bakkakot er, en það byggðist út úr Hólmi 1950. Enginn búskapur er á Hólmi lengur.

---

[114] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.
[115] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort *Hólmur 1916*. Teiknari: Vigfús Guðmundsson, Keldum.




Mynd 77. Túnakorti Hólms 1916 varpað yfir loftmynd frá árinu 2018, bæjarstæðið er fyrir sunnan Hólmsá.[116]

Á hernámstíma voru Camp Swansea og Camp Phinney norðan við Suðurlandsveginn[117] en þar er að finna nokkra braggabotna og aðrar minjar frá þeim tíma. Eftir að herinn hvarf á braut nýttu Íslendingar hluta af mannvirkjunum sem herinn skildi eftir sig. Búið var í þremur húsum fram eftir 20. öldinni, í *Heiðarhvammi*, *Heiðarseli* og á *Sólvöllum*.[118] Braggahverfin Camp Aberdeen og birgðageymslan Geitháls Dump voru við gamla Þingvallaveginn.



Mynd 78. Íbúðarhúsið Heiðarhvammur á Hólmsheiði um 1960, þetta hús var byggt af hernum.[119]

[116] Þjóðskjalasafn Íslands: *Túnakort Hólmur 1916,* varpað á grunn í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur, loftljósmynd frá árinu 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[117] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.
[118] Guðríður Eygló Þórðardóttir. Munnlegar upplýsingar 18.6.2018.
[119] Eigandi myndar: Guðríður Eygló Þórðardóttir.

Um 1949 var hafin framleiðsla á steinull í einum af stóru bröggunum, sem áður hafði verið notaður sem kvikmyndahús af setuliðinu. Efni til steinullargerðar var sótt í Rauðhóla. Íbúðarhúsin Vindheimar og Mánahlíð voru svo á austanverðu svæðinu í landi Hólms.

### 4.2.2 Minjar og örnefni

Það svæði sem hér er skoðað nær yfir lítinn hluta af Hólmsjörðinni. Þekkt örnefni í nágrenninu voru skráð[120] og fornleifar voru færðar inn á myndir 79 og 81. Helstu minjum á leiðinni frá Almannadal að Geithálsi er lýst hér lauslega, en nákvæmari lýsingu er að finna í kafla 4.2.3.

Jarðamörk Grafar og Hólms liggja um *Almannadal.* Þar voru vegamót og þar er *Vegholt*. Við mynni dalsins er mjög forn leið (213-32). Þetta er líklega einn af elstu slóðum á milli Árbæjar og Hólms og trúlega sama leið og er skráð sem (260-47) við Breiðholtsbraut í Grafarlandi. Slóðinn er greinilegur frá brekkunni uppi í Fjárborg og austur í *Mjóadal* en eftir það hefur verið borið í hann og hann fellur inn í gatnakerfi setuliðsins. Hann er svo aftur sýnilegur fyrir norðan Hólm. Þessi efri leið hefur líklega verið valin þegar flóð var í Hólmsá og erfitt yfirferðar þar vegna vatns og bleytu, en annars hafa bakkarnir líklega verið farnir. Fyrsti Suðurlandsvegurinn (213-34) var lagður undir *Vegbrekkum* með bökkum Hólmsár að norðanverðu, við hæðina austan við *Fagrahvamm,* og hefur hann sveigt nær Hólmi og svo að Geithálsi. Í grunninn er þessi vegur frá 1886 og má greina gamla púkkið á einstaka stöðum, t.d. í brekkunni austan við *Fagrahvamm*.



Mynd 79. Minjar og áætlar framkvæmdir í landi Hólms, vestursvæði.[121]

Austan við Fossnes (213-73, 74) er gamalt vað á Hólmsá (213-43). Frá því lágu tvær fornar leiðir, önnur að Elliðavatni (213-44) austan við *Hellur* og hin leiðin (213-45) lá að Hólmi.

[120] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Hólms (181149-213-1; 2; 3; 4).
[121] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur, loftljósmynd frá árinu 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.

Vegur (213-76) lá áður um *Trippanef* á brú (213-40) út í Rauðhóla. Þessi vegur var gerður 1926 en Heiðmerkurvegur leysti hann af um 1970. Frá Trippanefi lá síðan vegur (213-75) austur að Hólmi. Sá vegur var notaður sem vetrarvegur og engjavegur frá Hólmi og í grunninn er þetta líklega gömul leið, en í þessari mynd er hann líklega frá 1926. Nú er þessi vegur notaður sem akstursvegur heim að Hólmi. Vegur (213-77) lá frá Vegholti yfir Bugðu á brú (213-78) að Rauðhólavegi. Talið er að hann hafi verið gerður samhliða miklum malarflutningum frá Rauðhólum til Reykjavíkur vegna flugvallarframkvæmda, en á þessu slóðum er áætlaður nýr vegur sem tengivegur við Suðurlandsveg við Rauðhóla, sjá mynd 79.



Mynd 80. Fjárhús og grjóthrúga vestan í Beitarhúsahól, horft til vesturs.

Þegar komið er austur að vegi að Hólmi er rétt austar *Beitarhúsahóll* sem hefur að geyma fjárhústættur (213-14) frá Hólmi. Þetta eru gamlar rústir og ***áætlað er að nýr tengivegur fari inn fyrir 15 m verndarsvæði þessara fornleifa. Þennan veg og framkvæmdir sem honum fylgja þarf að færa fjær eða norðar.***

Norðanmegin í Hólmsheiðinni er að finna minjar frá tíma setuliðsins, Camp Swansea og Camp Phinney sem var austar (213-67). Í einum herskálanum þar var kvikmyndahús (213-66). Þeim skála var síðan breytt í steinullarverksmiðju árið 1949, sjá mynd 82. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að reiðvegir eða stígar fari yfir þessar minjar, sjá mynd 81 og 240. ***Lagt er til að stígar verði færði, út fyrir þennan minjastað***.

Austar í túni upp af *Lyngholti* er grjóthrúga, sjá (213-62), sem hefur orðið til þegar túnið var sléttað, en hugsanlega hefur verið rúst þar fyrir sem grjótinu hefur verið hent í.




Mynd 81. Minjar og áætlar framkvæmdir í landi Hólms, austursvæði.[122]



Mynd 82. Steinullarverksmiðjan (213-66) við Suðurlandsveg vestan við Geitháls 27. júlí 1964. Fjær sér í tvö hús, tvílyfta húsið er gamla íbúðarhúsið í Sunnuhlíð, en hitt var vestan við hestaréttina hjá Geithálsi.[123]

[122] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur, loftljósmynd frá árinu 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[123] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ABL 014 036 7-5, 27.7.1964. Ljósmyndari: Alþýðublaðið/KG.

Í suðurbrekkunni á milli Suðurlandsvegar og Hólmsár eru nokkur hús. Vestast er *Bakkakot*, síðan *Litlaland* og *Hella* austast. Þarna var byggt um 1940-50 úr Hólmslandi. Þar stóðu áður einnig húsin *Lyngholt*, *Lynghvammur* og *Valberg* sem nú eru horfin að mestu. Eftir standa nokkrir steyptir sökklar og aðrar yngri minjar.

Norður af *Grjótlág* eru fornleifar, lítil forn kofatóft (213-42), sem sumir telja að hafi verið geitakofi og er *Geitháls* nefndur eftir honum. Áætlað er að nýr Nesjavallavegur fari yfir minjastaðinn, ***en best væri ef hægt væri að sveigja framkvæmdina frá þessum minjastað***, annars þarf að rannsaka þennan stað. Sjá mynd 81 og kafla 4.4.3 og mynd 179 við Geitháls.



Mynd 83. Rúst af geitakofa (213-42), horft til suðausturs.

Austar er Hafravatnsvegur fyrirhugaður um svæði þar sem íbúðarhúsið Mánahlíð (213-50) stóð, en það var byggt um 1950.



Mynd 84. Mánahlíð árið 1976, horft til norðurs frá gamla Þingvallaveginum.[124]

Er þá komið að jarðarmörkum við Geitháls.

[124] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 RVK GAG 080 1-1. Ljósmyndari: Björgvin Pálsson 1976.

### 4.2.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Hólms

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar, sem skráðar eru undir jörðina Hólm, á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við tvöföldun á Suðurlandsvegi frá Bæjarhálsi að Hólmsá

#### Hólmur 213-14 Beitarhúsahóll

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-14** | Beitarhúsahóll | Beitarhús | Tóft | 1850 | 367359 | 401720 | 30 | 15 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Beitarhúsatóftir eru á Beitarhúsahól sem er 34 m suður af Suðurlandsvegi, um 135 m suður af bænum Hólmi sem er sunnan við Hólmsá og 140 m norðvestur af Bakkakoti.[125] Tóftirnar eru í grasigrónum hrossahaga, lúpína sækir að stykkinu en er ekki komin á hólinn. Norðan við Beitarhúsahól eru ummerki eftir girðingu samsíða veginum, grjóti hefur verið hlaðið undir hana.
**Lýsing:** Tvær grasigrónar útihúsarústir eru á Beitarhúsahól. Minjasvæðið er um 15x30 m. Önnur rústin er efst á hólnum og sýnilega eldri. Hin er í vesturhlið hólsins. Eldri rústin liggur í norðaustur-suðvestur, er ílöng, tveggja hólfa og dyr líklega í vestur. Þarna hefur verið fjárhús með niðurgrafinni hlöðu norðan við, sem herinn notaði síðar sem skotgröf. Þar stendur enn byssustatíf, járnrör með tveimur vinklum í steyptum ferhyrndum fæti, ætlað fyrir gervibyssu úr tré. Rústin mælist 15x9 m. Tóftirnar eru orðnar mjög jarðlægar og grónar en vel greinanlegar og undir þeim gætu verið eldri minjar. Veggir úr torfi og grjóti, 1,0 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,9 m háir. Dyr fjárhússins gætu hafa verið á suðurgaflinum, en erfitt er að gera sér grein fyrir því vegna þess hversu jarðlæg og hrunin tóftin er. Vestan í hólnum er ílöng húsatóft, 15x6 m, sem liggur nánast í austur-vestur. Hún hefur að hluta verið grafin inn í hólinn og er eitt hólf með opi á vesturgafli. Tóftin er heilleg og stendur vel, hlaðin úr torfi og grjóti með greinilegum garðlögum, veggir eru um 1,0 m breiðir og 0,2 – 0,6 m háir að utanverðu. Veggir hafa aðeins hrunið inn í tóftina en austurgafl stendur vel. Norðan við langhliðina er stórgrýtishrúga og laut þar fyrir ofan. Samkvæmt loftmynd frá árinu 1954 virðist hafa verið þar tóft af öðru ílöngu húsi sem hefur legið í norðvestur-suðaustur. Veggir eru úr torfi og grjóti, 0,2 – 0,3 m háir og um 1 m breiðir. Mögulega hefur verið þarna önnur húsarúst eða heygarður áður, sem hefur verið fyllt af grjóti úr túninu.
**Minjagildi:** Tóftir beitarhúsanna á Beitarhúsahól hafa mjög mikið minjagildi. Beitarhúsin tilheyra jörðinni Hólmi en bæjarstæðið er 135 m suður af hólnum, á suðurbökkum Hólmsár. Tóftirnar eru því hluti af minjaheild býlisins.



Mynd 85. Rústir beitarhús (213-14) á loftmynd frá 1954.[126]




Mynd 86. Rústir beitarhús (213-14) á Beitarhúsahól, teiknað eftir uppmælingu.

[125] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing Hólmur (181149-213-1 og 181149-213-2).
[126] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954. LMI-Kort-L1204-L12-0266.



Mynd 87. Rústir fjárhús og hlöðu efst á Beitarhúsahól, fjárhúsið er nær en hlaðan fjær, horft til austurs.



Mynd 88. Rústir fjárhús og hlöðu efst á Beitarhúsahól. Fremst er hlaðan, skotgröfin, og fjárhúsið fjær, horft til suðsuðvesturs.



Mynd 89. Rústir fjárhús og grjóthrúga vestan í Beitarhúsahól, horft til vesturs.

## Hólmur 213-32 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-32** | | Leið | Gata | 900-1884 | 367455 | 401809 | 1620 | 1 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Gatan er norðan við Suðurlandsveg. Vegurinn er trúlega einn af þremur vegum sem kallaðir eru þjóðvegir um Mosfells- og Gufunessóknir samkvæmt lýsingu Stefáns Þorvaldssonar frá 1855. Þar er leiðinni lýst þannig að hún liggi suðaustan yfir Hellisheiði fyrir sunnan Helliskot (Elliðakot) og norðan Klapparholts og Árbæjar. [127] Örnefnið *Vegbrekkur* gefur til kynna að þarna hafi verið götur fyrr á öldum. Mikið er af fornum leiðum í nágrenni við Almannadal og taldi Björn Bjarnason bóndi í Gröf að í Almannadal hafi verið vegamót úr fimm áttum fyrr á tímum. Gera má ráð fyrir að þessi leið hafi verið farin þegar mikið vatn var í Hólmsá og neðri leiðin (213-75) ekki fær vegna bleytu og flóða.
Vegur þessi (213-32) var reiðgata til 1970 fyrir þá sem áttu leið úr Reykjavík á Geitháls en lagðist af sem reiðgata þegar núverandi Suðurlandsvegur var gerður og eldri vegur var gerður að reiðvegi. Gamla gatan er orðin vel sýnileg um 50 m fyrir sunnan Almannadal þar sem nú er búið að planta grenitrjám, sjá mynd 90. Vegurinn upp í Fjárborg hefur verið lagður yfir götuna. Gatan liggur austur eftir Vegbrekkum innri og Vegbrekkum ytri, í Mjóadal hefur verið borið í hana og hún notuð sem akvegur af hernum. Gatan verður aftur sýnileg norðan við Sólvelli og liggur svo samhliða núverandi reiðgötu og hverfur um 100 m áður en komið er að Hafravatnsvegi.
**Lýsing:** Gatan er gróin, um 2 m breið og er 1 m á dýpt á kafla. Á einstaka stað í götunni er að finna stórgrýti. Austan við Fjárborgarafleggjarann greinist gatan í tvennt og er syðri hlutinn eldri, en borið hefur verið í þann nyrðri. Göturnar sameinast aftur rétt vestan við bratta hraunklöpp en ekki er að sjá að klöppin sé slitin eftir mikla umferð. Austan við Mjóadal austur af Sólvöllum, við áætlaðar atvinnuhúsalóðir á Hólmsheiði, er gatan um um 1 m breið og um 70 cm djúp.

[127] Stefán Þorvaldsson: *Lýsing Mosfells- og Gufunessóknar 1855*.



Mynd 90. Gata (213-32) árið 2002, horft í vestur við afleggjarann upp í Fjárborg.




Mynd 91. Á kortinu má sjá gömlu leiðina (213-32) og hluta af fyrsta Suðurlandsveginum (213-34) rauðar línur.[128]

[128] Landupplýsingagrunnur Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.



Mynd 92. Gata (213-32), horft til vesturs.



Mynd 93. Gata (213-32), horft til austurs.

## Hólmur 213-33 Skurður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-33** | | Skurður | Skurður | 1960 | 367317 | 401823 | 70 | 1 | Gott | Nei |



Mynd 94. Skurður (213-33), horft til norðvesturs.

**Staðhættir:** Í lúpínugrónu holti norður af Hólmi er skurður. Hann byrjar við ummerki eftir bragga (213-106) og liggur í norðvestur og endar um 150 m austan við mastur og um 40 m norður af Suðurlandsvegi á móts við afleggjarann heim að Hólmi. Á loftmynd frá árinu 1975 má sjá að skurðurinn náði austur að Sólvöllum og vestur að veginum heim að Fagrahvammi.
**Lýsing:** Skurðurinn er um 70 m langur og um 1-1,5 m á breidd.

## Hólmur 213-34 Gamli Suðurlandsvegurinn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-34** | Suðurlands-vegur | Vegur | Vegur | 1886-1970 | 367735 | 401729 | | 3 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Fyrsti Suðurlandsvegurinn frá Reykjavík og austur í Svínahraun var lagður á árunum 1886–1892. Þegar byrjað var að leggja hann 1886 voru enn deilur um vegstæðið frá Hólmi að

Svínahrauni. Í janúar 1888 var sagt frá skemmdum á veginum vegna flóða.[129] Í landi Hólms er hann enn sjáanlegur frá Almannadalsmynni, með Vegbrekkum ytri og innri að Fossnesi og upp á brekkubrúnina við sumarhúsið Fagrahvamm (213-125). Þar hverfur hann undir nýja veginn, en kemur síðan aftur í ljós austan við heimkeyrsluna að Hólmi. Þar liggur hann með nýja veginum að sunnan og síðan hverfur hann aftur undir Suðurlandsveginn rétt austan við afleggjarann heim að Bakkakoti, kemur í ljós aftur norðan við veginn, um 120 m vestan við Hafravatnsveg og liggur í átt að Geithálsi.
**Lýsing:** Vegurinn var upphaflega 10 fet á breidd (3,13 m) er er nú mun breiðari. Lítið er sjáanlegt af þeim vegi nema púkk við brekkubrúnina við afleggjarann að Fagrahvammi. Við lagningu nýja Suðurlandsvegarins (1966–1972) lagðist eldri vegurinn af og hefur ekki verið haldið við þótt hann sé akfær og notaður sem reiðvegur í dag.


Mynd 95. Hluti af gamla Suðurlandsveginum (213-34) vestan við Geitháls, horft til vesturs.


Mynd 96. Hluti af gamla Suðurlandsveginum (213-34) vestan við Geitháls, horft til austurs.


Mynd 97. Grjótpúkk í gamla Suðurlandsveginum (213-34) við Fagrahvamm, horft til suðausturs.


Mynd 98. Grjótpúkk í gamla Suðurlandsveginum við mastur ofan við Fagrahvamm, horft til austurs.

## Hólmur 213-40 Brú

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-40** | | Brú | Heimild | 1926 | 366326 | 402088 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Vegagerðin lagði veg (213-76) frá gamla Suðurlandsveginum út að Rauðhólum árið 1926 og brúaði Hólmsá við Trippanef.[130]
**Lýsing:** Horfin. Brúin var handriðalaus, hlemmur.[131] Engar leifar eru sjáanlegar af brúnni en greina má brúarstæðið út frá gróðri austan megin. Vestan megin er slakki niður að ánni sem fólk notar nú til að setja á flot kajaka.

[129] *Ísafold,* 18.01.1888, bls. 15-16.
[130] *Morgunblaðið,* 29.06.1967, bls. 4.
[131] *Morgunblaðið,* 15.06.1967, bls. 4.



Mynd 99. Brúarstæði (213-40) yfir Hólmsá við Trippanef, horft til austurs.



Mynd 100. Brúarstæði (213-40) yfir Hólmsá við Trippanef, horft til norðvesturs.

## Hólmur 213-42 Geitakofi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-42** | Geitakofi | Útihús | Tóft | 1900 | 368053 | 401822 | 7 | 5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Rúst í Grjótlág vestan við Mánahlíð (231-50) og norðan við Geitháls. Talið er að þetta geti verið geitakofi ábúanda í Vilborgarkoti.[132]
**Lýsing:** Rústin er 6,8 x 4,7m að stærð og liggur í norðaustur-suðvestur og hugsanlega dyr á suðausturgafli. Hleðsluhæð er um 1 m og greinileg fjögur steinalög. Rústin er mjög heilleg. Trjágróður og lúpína hefur vaxið mikið á svæðinu frá skráningu 2010.



Mynd 101. Geitakofi (213-42), horft til suðausturs.




Mynd 102. Geitakofi (213-42), teiknað eftir uppmælingu.

[132] Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson: „Elliðavatnsheiði og Hólmar,“ bls. 210.

## Hólmur 213-43 Vað

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-43** | | Vað | Vað | 1850 | 366895 | 401885 | | | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Austan við Fossnes er vað á Hólmsá. Á korti frá 1909 sem sýnir Suðurlandsveg er teiknaður inn gamall slóði að Elliðavatni (heil einföld lína). [133] Vegurinn er skráður á (213-44). Ekki er ljóst á kortinu hvort slóðinn liggur austur að Hólmi, en ef rýnt er í gamlar loftljósmyndir má sjá för sem gefa það til kynna.
**Lýsing:** Botninn á vaðinu er slétt hraun.

## Hólmur 213-44 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-44** | | Gata | Heimild | 1850 | 366813 | 401823 | | | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Austan við Fossnes er vað (213-43) á Hólmsá. Á korti frá 1909[134] sem sýnir Suðurlandsveg er teiknaður inn gamall slóði að Elliðavatni (heil einföld lína).
**Lýsing:** Vegurinn liggur í suður og svo í vestur beggja vegna við Helluvatn.

## Hólmur 213-45 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-43** | | Gata | Heimild | 1850 | 366957 | 401785 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Austan við Fossnes er vað á Hólmsá (213-43). Á korti frá 1909 sem sýnir Suðurlandsveg er teiknaður inn gamall slóði að Elliðavatni (heil einföld lína). [135] Vegurinn er skráður á (213-44). Ekki er ljóst á kortinu hvort slóðinn liggur austur að Hólmi, en ef rýnt er í gamlar loftljósmyndir má sjá för sem gefa það til kynna.
**Lýsing:** Horfinn.

## Hólmur 213-35 Camp Swansea og Camp Phinney

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-35** | Camp Swansea Camp Phinney | Herbúðir | Herminjar | 1940 | | | | | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Herskálahverfin Swansea og Phinney voru norður af Hólmi, milli Hafravatnsvegar og vegarins upp í Mjóadal og var Camp Phinney austar.[136] Ekki er ljóst hvar skilin á milli þessara herbúða voru nákvæmlega.
**Lýsing:** Á svæðinu sem hverfið náði yfir eru nokkrir steyptir braggagrunnar og vegir skráðir undir þetta númer, en auk þess hafa sumir braggar fengið nákvæmari skráningu og eru þá á sér númeri. Margir braggabotnar voru rifnir upp og notaðir í Steinullarverksmiðjuna (213-66) sem var austarlega á svæðinu.[137]

[133] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. Generalstabens topografiske Afdeling, 1909 Köbenhavn.
[134] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.
[135] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.
[136] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125 - Guðjón Friðriksson, Alfræði Reykjavíkur. Sótt 3. des. 2020 af slóðinni http://archive.ph/Xzmet
[137] Þórarinn Ólafsson, samtal.



Mynd 103. Herbúðir í landi Geitháls og Hólms, horft í vestur með Hólmsá og Suðurlandsvegi. Neðst til hægri er Camp White Heather við beinan veg, Camp Omskeyri við bogadregin veg aðeins vestar, Camp Geitháls Dump við Geitháls. Vestan við Geitháls ofarlega á myndinni er hvítur braggi sem var kvikmyndahús og síðar steinullarverksmiðja (213-66), þar voru Camp Phinney og Camp Swansea. Myndin er líklega tekin 1943-1945.[138]

## Hólmur 213-50 Mánahlíð

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-50** | Mánahlíð | Hús | Heimild | 1952-1998 | 368133 | 401823 | 13 | 11 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Mánahlíð er norðan við Gamla Þingvallaveginn (33), um 100 m fyrir norðan Geitháls og um 90 m fyrir vestan íbúðarhúsið Sunnuhlíð 2. Íbúðarhúsið var tvílyft, um 13 x 11 m, og norðaustan við það var bygging á einni hæð með skúrþaki. Um 10 m suðaustan við húsið var bílskúr og við vesturhorn lóðarinnar, um 40 m norðvestan við það, var annað hús. Árið 1998 var samþykkt niðurrif á húseigninni Mánahlíð við Suðurlandsveg ásamt bílskúr.139 Um sumarið notaði Slökkvilið Reykjavíkur húsin til slökkviliðsæfinga.[140]
**Lýsing:** Húsið og önnur mannvirki sem stóðu á lóðinni eru horfin en ummerki um búsetu eru ennþá greinileg á lóðinni, sem er afgirt. Greina má á gróðri hvar húsin hafa staðið. Þar er malarjarðvegur, nema á lóðamörkum í norðvesturhorninu, þar vaxa nú tré. Fyrir ofan og norðan við þar sem húsið stóð eru garðlög. Tveir afleggjarar liggja að lóðinni, annar suðaustanmegin frá gamla Þingvallaveginum (33) og við lóðamörk voru tveir steinsteyptir hliðstólpar með ljóskerum ofan á. Annar þeirra stendur enn með leifum af ljóskerinu og á fótstykkinu hefur ártalið 1969 verið skafið í steypuna. Hinn afleggjarinn að Mánahlíð er fyrir ofan og norðvestan frá Hafravatnsvegi, Nesjavallaleið, þar sem enn er skilti með nafninu, og á lóðamörkum er járnhlið. Í trjáþykkni sem er austan við þar sem húsið stóð er ruslahrúga, vörubretti og trjágreinar. Lóðin er grasigróin með töluverðum trjágróðri og lúpína er búin að leggja undir sig afleggjarana og hlaðið að hluta til. Steypuleifar eru neðan við suðurhlið girðingarinnar sem og sunnan við austurhorn lóðarinnar.

---

[138] *The fifth infantry division in the eto*, https://worldwartwoveterans.org/wp-content/uploads/2020/05/5th-ID-Part-1-wm.pdf.
[139] Skjöl Byggingarfulltrúa: Suðurlandsvegur – Mánahlíð. Verknúmer : BN016915.
[140] *Morgunblaðið*, 27. júní 1998, bls. 4.



Mynd 104. Mánahlíð árið 1954.[141]




Mynd 105. Kortið sýnir lóð og mannvirki Mánahlíðar árið 1954.



Mynd 106. Mánahlíð árið 1976. [142] Efst til vinstri sést í þak á húsi og stromp, sem er sennilega hús (213-79) sem stóð austan við Vindheima (213-80).



Mynd 107. Horft til suðausturs yfir vesturhornið á lóð Mánahlíðar. Til vinstri er hlið á afleggjara frá Hafravatnsvegi.



Mynd 108. Vegvísir að Mánahlíð við Hafravatnsveg.

---

[141] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.
[142] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 RVK GAG 0801-1. Ljósmyndari, Björgvin Pálsson 1976 og Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.



Mynd 109. Horft inn eftir afleggjaranum að Mánahlíð frá gamla Þingvallaveginum, horft til norðnorðvesturs. Hliðstólpinn er til vinstri.



Mynd 110. Hliðstólpi við Mánahlíð með áletruninni 1969 á fótstykkinu.

## Hólmur 213-51 Hella

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-51** | Hella | Íbúðarhús | Hús | 1940 | 367742 | 401548 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Hella er á austustu spildunni og þar var búið að girða og byggja lítið hús þegar loftmynd var tekin 1954.
**Lýsing:** Á spildunni þar sem húsið stóð er nú íbúðarhús og bílskúr
.




Mynd 111. Spildur í Hólmslandi austan við Bakkakot árið 1954.[143]

[143] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-L12-0266.




Mynd 112. Yngri minjar á norðurbakka Hólmsár og áætlaðar veglínur, austan við Bakkakot.[144]

## Hólmur 213-52 Valberg

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-52** | Valberg | Íbúðarhús | Heimild | 1940 | 367733 | 401583 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Valberg var spilda fyrir norðan Hellu (213-51) og norðvestan við var Lynghvammur (213-53). Íbúðarhúsið var um 25 m upp af Hólmsá. Sjá mynd við skráningu (213-51).
**Lýsing:** Spildan er mosa- og grasivaxin. Þar sem húsið stóð er malarflöt með trjágróðri sunnan við sem og á landamerkjum við Lynghvamm þar sem eru leifar af girðingu.

## Hólmur 213-53 Lynghvammur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-53** | Lyng-hvammur | Íbúðarhús, Skjólgarður | Heimild Skjólgarður | 1940 | 367708 | 401603 | 19 | 8 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Lynghvammur var norðvestan við Valberg (213-52) og fyrir vestan var Lyngholtsvík (213-54). Íbúðarhúsið sést á loftmynd frá 1954 ásamt sólbaðsskeifu og garðlagi.[145] Sjá mynd við skráningu (213-51).
**Lýsing:** Spildan er mosa- og grasivaxin með mikilli sinu. Húsið er horfið en sólbaðsskeifan er þar enn, grasivaxin, ásamt skurði austan við húsið sem liggur niður í Hólmsá.

[144] Landupplýsingagrunnur Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.
[145] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, *LMI-Kort-LI204_L12-0266*.



Mynd 113. Sólbaðsskeifa vestan við þar sem íbúðarhúsið Lynghvammur (213-53) stóð.



Mynd 114. Skurður austan við Lynghvamm, austar eru lóðmörk við Valberg (213-52).

## Hólmur 213-54 Lyngholtsvík

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-54** | | Íbúðarhús Garðlag | Heimild Garðlag | 1940 | 367672 | 401611 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Lyngholtsvík var á spildu norðan við Hólmsá, 25 m upp og norðaustur af ánni, og um 73 m austan við íbúðarhúsið Litlaland. Húsið sést á loftmynd frá 1954 ásamt girðingu á lóðamörkum að austan við Lynghvamm, skeifulaga skjólgarði vestan við húsið, sem enn mótar fyrir, litlum kofa austan við og kofa og ræktunarreit norðan við það.[146] Sjá mynd við skráningu (213-51).
**Lýsing:** Skikinn er mosa- og grasivaxinn með mikilli sinu og töluverðum trjágróðri. Húsið er horfið en ýmis ummerki eru eftir búsetu á skikanum. Heimreiðin er gróðri vaxin, sem og grunnur hússins. Fyrir vestan hann mótar fyrir skeifulaga skjólgarði og tré eru fyrir neðan, ásamt ummerkjum eftir girðingu á lóðamörkum að vestan við Lyngholt. Sunnan við húsgrunninn og austan við trjáþykkni er sporöskjulaga upphækkun, grjóthleðsla, hugsanlega blómabeð.



Mynd 115. Horft til suðausturs yfir trjágróður á spildu Lyngholtsvíkur og fjær er íbúðarhúsið á Hellu.

[146] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, *LMI-Kort-LI204_L12-0266*.



Mynd 116. Grjóthleðsla, sporöskjulöguð, fyrir neðan þar sem íbúðarhús í Lyngholtsvík stóð.

## Hólmur 213-55 Litlaland

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-55** | Litlaland | Íbúðarhús | Hús | 1940 | 367588 | 401624 | 10 | 8,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Litlaland er um 35 m norður af ánni. Húsið sést á loftmynd frá 1954. Sjá mynd við skráningu (213-51).
**Lýsing:** Þar stendur íbúðarhús og annað minna hús þar fyrir ofan á gróðurvaxinni spildu.

## Hólmur 213-56 Skjólgarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-56** | | Skjólgarður | Garðlag | 1940 | 367554 | 401625 | 12 | 10 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Á spildu milli Bakkakots og Litlalands eru allnokkur ummerki eftir búsetu sem hófst þar um 1940 og sjást þau á loftmynd frá 1954; tvö lítil hús og garðlög.[147] Skeifulaga skjólgarður er 20 m vestan við íbúðarhúsið á Litlalandi og 40 m norður og upp af Hólmsá. Sjá mynd við skráningu (213-53).
**Lýsing:** Skjólgarðurinn er skeifulaga, úr grjóti og jarðvegi. Mosa- og grasivaxin.

[147] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954: LMI-Kort-LI204_L12-0266.



Mynd 117. Skeifulaga skjólgarður (213-56), horft til norðurs.

## Hólmur 213-57 Garðlag

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-57** | | Óþekkt, garðrækt | Garðlag | Yngri en 1950 | 367561 | 401608 | 2,5 | 10 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Á spildu milli Bakkakots og Litlalands eru allnokkur ummerki eftir búsetu sem hófst þar um 1940 og sjást þau á loftmynd frá 1954; tvö lítil hús og garðlög.[148] Sjá mynd við skráningu (213-51). Afmarkaður reitur er um 20 m suðvestan við íbúðarhúsið Litlaland og 25 m upp af og norðan við Hólmsá.
**Lýsing:** Mosavaxin, þríhyrningslaga, einföld steinaröð úr frekar stóru grjóti. Stefnir norður-suður.



Mynd 118. Sporöskjulagað garðlag úr einfaldri grjótaröð (213-57), horft til norðurs.

[148] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.

## Hólmur 213-58 Garðlag

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-58** | | Garðrækt | Garðlag | Yngri en 1950 | 367560 | 401586 | 3 | 8 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Á spildu milli Bakkakots og Litlalands eru nokkur ummerki eftir búsetu sem hófst þar um 1940 og sjást þau á loftmynd frá 1954; tvö lítil hús og garðlög.[149] Sjá mynd við skráningu (213-51). Garðlag 7 m upp og norður af norðurbakka Hólmsár.
**Lýsing:** Grasivaxið garðlag um 3x8 m liggur austur-vestur, ekkert grjót. Ummerki eftir garðrækt.

## Hólmur 213-59 Garðlag

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-59** | | Garðrækt | Garðlag | 1950 | 367560 | 401595 | 8 | 5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á spildu milli Bakkakots og Litlalands eru nokkur ummerki eftir búsetu sem hófst þar um 1940 og sjást þau á loftmynd frá 1954; tvö lítil hús og garðlög.[150] Sjá mynd við skráningu (213-53). Garðlag 11 m upp og norður af Hólmsá.
**Lýsing:** Grasivaxið garðlag um 8x5 m liggur austur-vestur, ekkert grjót greinanlegt. Ummerki eftir garðrækt.

## Hólmur 213-60 Skjólgarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-60** | | Óþekkt | Garðlag | 1950 | 367542 | 401587 | 16 | 8 | Gott | Nei |



Mynd 119. Hringlaga garðlög (213-60), horft til vesturs.

[149] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.
[150] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Á spildu milli Bakkakots og Litlalands eru allnokkur ummerki eftir búsetu sem hófst þar um 1940 og sjást þau á loftmynd frá 1954; tvö lítil hús og garðlög.[151] Sjá mynd við skráningu (213-51). Hringlaga garðlög um 53 m suðvestan við íbúðarhúsið Litlaland og um 5 m upp og norður af bakka Hólmsár.
**Lýsing:** Tvær grasigrónar, hringlaga torfhleðslur og hálfur hringur. Í miðjunni er hringlaga þústir. Sennilega ummerki eftir garðrækt.

## Hólmur 213-61 Grjóthrúga

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-61** | | Óþekkt | Grjóthrúga | 1950 | 367609 | 401663 | 7 | 7 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Í túni, hrossahaga, um 30 m norðaustur af íbúðarhúsinu Litlalandi og 40 m suður af Suðurlandsvegi er grjóthrúga og 5 m suðvestan við hana er rafmagnsstaur. Að sögn ábúanda í Bakkakoti er hrúgan eftir grjóthreinsun eftir fyrri ábúendur og mun hafa orðið til þegar túnið var gert.[152]
**Lýsing:** Grjóthrúga, hringlaga, mosa- og grasigróin.



Mynd 120. Hringlaga grjóthrúga (213-61), horft til suðvesturs.

## Hólmur 213-62 Tóft?

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-62** | | Tóft? | Grjóthrúga, | 1900 | 367647 | 401678 | 13 | 7,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Í túni, hrossahaga, um 70 m norðaustur af íbúðarhúsinu Litlalandi og 14 m suður af Suðurlandsvegi og um 30 m norðaustur af grjóthrúgu (213-61) er önnur grjóthrúga. Að sögn ábúanda í Bakkakoti er hrúgan eftir grjóthreinsun fyrri ábúendur og mun hafa orðið til þegar túnið var gert.
**Lýsing:** Grjóthrúgan er úr stóru holtagrjóti, mosa- og grasivaxin að hluta og í henni vex víðirunni. Gæti hafa orðið til þegar túnið var gert, en lögun hennar austanmegin gefur vísbendingar um að þar gæti hafa verið tóft fyrir sem grjótinu hefur verið hent í, *rannsókn þarf til að skera úr um það.*

[151] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.
[152] Ólafur Þórarinsson, samtal 29. júlí 2020.



Mynd 121. Tóft og/eða grjóthrúga (213-62), horft til suðvesturs.

## Hólmur 213-63 Sumarhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-63** | | Sumarhús | Steypa | 1940 | 367542 | 401616 | | | Sæmilegt | Nei |



Mynd 122. Húsgrunnur (213-63) og stétt, fjær sér í þann minni.

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Á skika milli Bakkakots og Litlalands eru allnokkur ummerki eftir búsetu sem hófst þar um 1940 og sjást á loftmynd frá 1954; tvö lítil hús og garðlög. Annað var væntanlega sumarhús (213-63), líkt og á hinum skikunum. Aðrar minjar eru skjólgarður og garðlög ýmiss konar. Sjá mynd við skráningu (213-51).[153] Tveir húsgrunnar 38 m vestur af íbúðarhúsinu Litlalandi og 35 m upp og norður af bakka Hólmsár.
**Lýsing:** Tveir steinsteyptir grunnar. Sá stærri er steypt plata, um 3 x 5 m að stærð, stefna austur-vestur, dyr hafa verið í vestur. Sá minni er 3x2 m. Um 16 m norður af er gróin grjóthrúga, um 20x8 m, sennilega uppmokstur vegna byggingar.

## Hólmur 213-64 Bakkakot

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-64** | Bakkakot | Íbúðarhús | Hús | 1950 | 367490 | 401625 | 11 | 10 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Íbúðarhúsið Bakkakot er um 10 m norðan við Hólmsá og um 110 m norðaustur af Hólmi. Var byggt út úr Hólmi um 1950.
**Lýsing:** Íbúðarhúsið er um 12x10 m og norðan við það er útihús.

## Hólmur 213-65 Lyngholt Húsgrunnur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-65** | Lyngholt | Íbúðarhús | Steypt plata | 1940 | 367640 | 401607 | 14,5 | 10 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðurbakka Hólmsár í Hólmslandi, norðaustan við bæjarstæði Hólms, var úthlutað nokkrum spildum upp úr 1940. Lyngholt var á spildu milli Litlalands og Lyngholtsvíkur (213-54), 15 m upp og norður af Hólmsá og um 40 m austan við íbúðarhúsið Litlaland. Skikinn er mosa- og grasivaxinn með mikilli sinu. Húsið sést á loftmynd frá 1954.[154] Sjá mynd við skráningu (213-51).
**Lýsing:** Þar er nú mosagróinn, steinsteyptur sökkull og plata. Á sökklinum eru viðarleifar, sem eru boltaðar á hann og á plötunni er ýmiss konar rusl; viðarleifar og járnarusl.



Mynd 123. Steinsteyptur húsgrunnur Lyngholts, (213-65), horft til suðurs.

[153] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.
[154] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.

# Hólmur 213-66 Kvikmyndahús Camp Phinney

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-66** | Camp Phinney | Kvikmyndahús Verksmiðja | Steyptur grunnur | 1940 | 367711 | 401759 | 40 | 5,5 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Stór braggi stóð um 20 m norðan við gamla Suðurlandsveginn (213-34), 61 m norður af þeim núverandi og um 70 m vestur af Nesjavallaleið. Bragginn og athafnasvæði við hann sést greinilega á loftmynd frá 1954.[155] Bragginn sneri í austur-vestur og af loftmyndinni og ljósmynd að dæma var annar minni sem sneri þvert á hann við vesturgafl hans, ásamt húsi á milli þeirra. Bragginn var notaður sem kvikmyndahús á hernámsárunum en var breytt í steinullarverksmiðju 1949. Fyrst var notað gjallgrjót úr Rauðhólum en seinna var farið blanda það með grágrýti, sem þótti gefa betri raun.[156]
**Lýsing:** Gróðri vaxnar steypuleifar og hugsanlega niðurgröftur í vesturhluta. Miðað við ljósmynd af steinullarverksmiðjunni eru það leifar af norðurhluta grunnsins sem eru greinanlegar.



Mynd 124. Leifar af grunni steinullarverksmiðju (1953-4), horft í austur.



Mynd 125. Steinullarverksmiðjan 1964.[157]




Mynd 126. Ummál greinanlegra leifa af grunni steinullarverksmiðju (1953-4), teiknað eftir uppmælingu.

---

155 Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.
156 *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. ágúst 1949, bls. 373-374.
157 Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ABL 014 036 7-5, 27.7.1964. Ljósmyndari: Alþýðublaðið/KG.

## Hólmur 213-70 Brú

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-70** | Rauðhóla-vegur | Brú | Heimild | 1926 | 366211 | 402048 | 6 | 5 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Brú (213-70) úr timbri var á gamla Rauðhólaveginum (213-76) sem liggur aðeins vestar en Heiðmerkurvegur. Rauðhólavegur lá frá gamla Suðurlandsveginum (213-34) um Trippanef, yfir Hólmsá og áfram að Rauðhólum.
**Lýsing:** Horfin. Þar er nú ræsi, járnrör.



Mynd 127. Brúarstæðið (213-70) við Rauðhóla á gamla veginum (213-76). Fremst er þurr farvegur og járnrörið sem liggur undir veginum er þar sem háa tréð er við veginn, horft til austurs.

## Hólmur 213-71 Camp Arnold

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-71** | Camp Arnold | Herbúðir | Heimild | 1940 | 366412 | 402767 | | | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Austan við sprengigeymslurnar við Mjóadalsveg í Almannadal, norðvestan við Fjárborg. Á tímum hersetunnar voru hér höfuðstöðvar flug- og ratsjárliðs frá Bandaríkjunum.[158]
**Lýsing:** Á svæðinu sem er innan afmörkunar fyrir þessa skráningu voru tveir braggar sinn hvorum megin við veginn. Braggabotnarnir sjást á loftmyndum en eru ekki lengur greinilegir á yfirborði og svæðið komið á kaf í gróður.

[158] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.

## Hólmur 213-73 Fossnes

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-73** | Fossnes | Íbúðarhús | Heimild | 1940-1974 | 366842 | 401900 | 7 | 6 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Fossnes er á norðurbakka Hólmsár milli gamla og núverandi Suðurlandsvegar, um 400 m norðvestur af afleggjaranum að Hólmi. Þar stóðu áður tvö hús (213-73). Árið 1954 var búið að byggja þar sumarhús og gera flóðvarnargarð (213-74) meðfram árbakkanum, sólbaðsskeifu vestan við húsið og garðlag fyrir norðan húsið og annað fyrir ofan, nær veginum.[159] Síðar var byggt annað hús nær veginum.
**Lýsing:** Nesið er mosa- og grasigróið og stórar aspir eru á svæðinu. Sumarhúsið er horfið, sem og húsið sem byggt var síðar en garðlögin, sólbaðsskeifa og flóðvarnargarðurinn eru vel greinileg ennþá, svo og afleggjarinn. Ekki er ljóst hvenær íbúðarhúsið var rifið, en bæði húsin voru horfin 1975.[160]




Mynd 128. Fossnes árið 1954.[161]




Mynd 129. Fossnes árið 2019.[162]



Mynd 130. Fossnes. Fossinn sem nesið er kennt við er fyrir miðri mynd, þá varnargarðurinn og sólbaðsskeifan sem var við norðvesturgafl hússins. Horft til suðurs að Suðurlandsveginum.

[159] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0265.
[160] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1975, LMI-Kort-D28-D-8230.
[161] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0265.
[162] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 2019.



Mynd 131. Horft til suðvesturs niður afleggjarann að bæjarstæðinu þar sem íbúðarhúsið (213-73) stóð. Yngra húsið var til vinstri við afleggjarann.



Mynd 132. Sólbaðsskeifa var norðvestan við húsið, horft til norðurs.

## Hólmur 213-74 Flóðvarnargarður Fossnes

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-74** | Fossnes | Flóðvarnar-garður | Garður | 1940 | 366912 | 401903 | 176 | 2 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Fossnes er á norðurbakka Hólmsár, milli gamla og núverandi Suðurlandsvegar, um 400 m norðvestur af afleggjaranum að Hólmi. Þar stóðu áður tvö hús (213-73). Árið 1954 var búið að byggja þar sumarhús og gera flóðvarnargarð (213-74) með árbakkanum, sólbaðsskeifu vestan við húsið og garðlag fyrir norðan húsið.[163] Síðar var byggt annað hús nær veginum.
**Lýsing:** Flóðvarnargarður (213-74) er á norðurbakka Hólmsár með öllu Fossnesinu. Garðurinn stendur vel, mosa- og grasigróinn, hæstur austan megin. Mikil vinna hefur verið lögð í garðinn sem er gerður úr járntunnum sem hafa verið fylltar af jarðvegi sem mokað hefur verið að og tyrft yfir.



Mynd 133. Flóðvarnargarður (213-74) á norðurbakka Hólmsár, horft til vesturs.



Mynd 134. Flóðvarnargarður (213-74), Fossnesi, horft til vesturs.

[163] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-L1204-L12-0265.

## Hólmur 213-75 Vegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-75** | | Vegur | Vegur | | 366446 | 402033 | 1.115,5 | 5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Vegurinn liggur samsíða Suðurlandsvegi frá Heiðmerkurvegi, áður frá brú sem var yfir Hólmsá við Trippanef, suðaustur að húsinu Tungufelli í Hólmslandi. Ekki er ljóst hvenær vegurinn var lagður en hann er á loftmynd frá 1954 og þá er brú á honum yfir lænu sem runnið hefur úr Hólmsá.[164] Í grunninn gæti þetta verið gömul slóð.
**Lýsing:** Vegurinn er beinn og 5 m breiður, ofaníburður rauðamöl. Hann var fyrst lagður sem vetrarvegur, en að auki var hann notaður til að komast á Hólmsengjar sem eru vestan við Rauðhóla. Til stóð að nota hann fyrir járnbrautina austur fyrir fjall.[165] Vegurinn er ennþá í notkun, nema kaflar frá brúarstæðinu á Hólmsá við Trippanef og við Suðurlandsveginn við Hólm þar sem hann hefur færst til vesturs.




Mynd 135. Vegur (213-75), horft til austurs frá Heiðmerkurvegi.

## Hólmur 213-76 Rauðhólavegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-76** | Rauðhólavegur | Vegur | Vegur | 1926-1970 | 366354 | 402158 | 308 | 5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Gamli vegurinn (213-76) að Rauðhólum liggur aðeins vestar en núverandi vegur. Lá frá gamla Suðurlandsveginum (213-34) um Trippanef, á brú (213-40) yfir Bugðu/Hólmsá og áfram að Rauðhólum og þaðan í vestur sunnan í hólunum. Vegagerðin lagði veginn árið 1926.[166]
Vegurinn er enn notaður sem reiðvegur frá Trippanefi að Rauðhólum. Meðfram veginum að sunnanverðu er lágt garðlag. Trébrú (213-70) var á einhverjum tíma við Rauðhóla en um 1990 var sett járnrör sem er þar enn í dag, farvegurinn er þurr. Engar leifar sjást af brúnni (213-40) yfir Bugðu/Hólmsá yfir í Trippanef.
**Lýsing:** Vegurinn á Trippanefi er að mestu horfinn í gróður, lúpínu og tré, en hægt að greina mun á jarðvegi. Frá Trippanefi að Rauðhólum er malarborinn reiðvegur.

[164] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-LI204_L12-0266.
[165] Ísafold 12. júlí 1924, bls. 1, og Þórarinn Ólafsson, samtal.
[166] *Morgunblaðið,* 29. júní 1967, Karl E. Norðdahl: „Árvötn og örnefni umhverfis Hólm," bls. 4.



Mynd 136. Vegur (213-76) vestan við Trippanef að Rauðhólum.



Mynd 137. Ræsi í árfarvegi við brúarstæði (213-70), horft til austurs. Ræsið er við trén.



Mynd 138. Garðlag sunnan við veginn (213-76).



Mynd 139. Grjót beggja vegna við veginn, hlið?



Mynd 140. Vegstæði (213-76) á Trippanefi er horfið í gróður, horft til suðsuðvesturs að brúarstæði.



Mynd 141. Vegstæði (213-76) á Trippanefi, horft til norðausturs að Suðurlandsvegi.

## Hólmur 213-77 Vegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-77** | | Vegur | Vegur | 1940 | 366208 | 402268 | 380 | 5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Vegur (213-77) lá frá Suðurlandsvegi við Vegholt norðan við Fögrubrekku (260-167) niður að Bugðu, en þar var brú (213-78), og að Rauðhólaveginum (213-76). Vegurinn er talinn vera

lagður af hernum vegna flutninga á rauðamöl frá Rauðhólum á flugvallarsvæðið. Sést á loftmynd frá 1945.[167]
**Lýsing:** Vegurinn norðan megin við Bugðu er gróinn mosa, grasi og lúpínu. Sunnan megin er búið að leggja reiðveg yfir hann.



Mynd 142. Vegur (213-77), hliðstaur við Fögrubrekku, horft til suðurs.



Mynd 143. Vegur (213-77), horft til norðurs.

## Hólmur 213-78 Brú

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-78** | | Brú | Heimild | 1940 | 366181 | 402316 | 10 | 2,5 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Brú var yfir Bugðu á veginum (213-77) sem lá frá Suðurlandsvegi við Vegholt í suðsuðaustur að Rauðhólaveginum (213-76). Brúin var með járnhandriði og timburdekki.
**Lýsing:** Brúin var rifin um 1990.



Mynd 144. Brúarstæði (213-78) á vegi (213-77), hliðstaur Fögrubrekku og rafmagnsstaur á bæjarstæðinu.



Mynd 145. Brúarstæði (213-78) yfir Bugðu sunnanmegin, horft til suðurs.

## Hólmur 213-79 Sumarhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-79** | | Sumarhús | Steyptur grunnur | 1960-1990 | 368201 | 401997 | 13 | 10 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Vestan Hafravatnsvegar og fyrir austan Vindheima (213-80).
**Lýsing:** Húsgrunnur, steypt plata. Ekki er vitað hvaða hús stóð þarna, en trúlega var það sumarhús.

[167] Landmælingar Íslands: Loftmynd AMS 100072 10-11-1945.






Mynd 147. Húsgrunnur (213-79), teiknað eftir uppmælingu

Mynd 146. Húsgrunnur (213-79) og strompur, horft til norðausturs.

## Hólmur 213-81 Almannadalur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-81** | Almannadalur | Íbúðarhús | Heimild | 1930-1983 | 366372 | 402427 | 11 | 9 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Almannadalur (213-81) var þar sem nú er hesthúsalóð, Almannadalur 3. Húsið stóð við götuna 10 m suður af hesthúsi nr. 5. Húsið var virt árið 1943, sjá Húsaskrá, en vitað er að bygging þess hófst um 1930.[168]
**Lýsing:** Húsið er horfið en ummerki eftir búsetu eru greinileg á lóðinni; garðlög, afleggjari, gamall trjágróður vestan við bæjarstæðið og suðaustan við götuna.



Mynd 148. Almannadalur árið 1954.[169]

[168] *Morgunblaðið*, 7. sept. 2001, bls. 40.
[169] Landmælingar Íslands: Loftmynd 1954, LMI-Kort-L1204-L12-0265.



Mynd 149. Horft inn afleggjarann að bæjarstæði Almannadals sunnan við Almannadal 6. Húsið stóð fyrir norðan steininn sem er hægra megin. Garðlag og hekk er til vinstri liggur frá stórum steini, fyrir innan girðinguna.



Mynd 150. Horft til austurs að bæjarstæði Almannadals. Fremst eru garðlög.

## Hólmur 213-83 Camp Aberdeen

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-83** | Camp Aberdeen | Herbúðir | Heimild | 1940 | 368352 | 402040 | 40 | 28 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Norðan við Hafravatnsveg, um 90 m norðaustan við Vindheimaafleggjara. Þar var einn tvöfaldur geymslubraggi og tveir minni braggar sem lágu í norðvestur og tilheyrðu Camp Aberdeen.[170] Suðaustan við veginn eru braggagrunnar sem tilheyrðu þessu herskálahverfi en eru skráðir undir Geitháls.
**Lýsing**: Ekki sést lengur móta fyrir bröggunum norðan við veginn og hefur nýi vegurinn farið yfir hann að hluta. Eru greinilegir á loftmynd frá 1954 en hafa horfið þegar vegurinn var endurgerður og malbikaður fyrir 1990.




Mynd 151. Braggi (213-83), nú horfinn, en tilheyrði Camp Aberdeen.

## Hólmur 213-102 Camp Swansea

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-102** | Camp Swansea | Braggi | Braggabotn | 1940 | 367336 | 401892 | 14,5 | 5,3 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi og um 102 m norður af Suðurlandsvegi, þar sem Camp Swansea var á hernámsárunum.
**Lýsing:** Leifar af bragga. Steypt plata og steyptur kantur um 10 cm á hæð.

[170] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.



Mynd 152. Braggagrunnur (213-102), horft til norðausturs.




Mynd 153. Braggabotn (213-102), teiknað eftir uppmælingu.

## Hólmur 213-103 Camp Swansea

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-103** | Camp Swansea | Braggi | Steyptur grunnur | 1940 | 367328 | 401851 | 14 | 6,5 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi og 58 m beint norður af Suðurlandsvegi, þar sem Camp Swansea var á hernámsárunum.
**Lýsing:** Leifar af bragga. Steyptur grunnur, heillegur en þakinn gróðri.



Mynd 154. Braggagrunnur (213-103), horft til suðurs.




Mynd 155. Braggagrunnur (213-3), teiknað eftir uppmælingu.

## Hólmur 213-104 Camp Swansea

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-104** | Camp Swansea | Braggi | Steyptur grunnur | 1940 | 367317 | 401857 | 7,5 | 6 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi og 68 m beint norður af Suðurlandsvegi þar sem Camp Swansea var á hernámsárunum, 7 m vestur af (213-103).
**Lýsing:** Leifar af bragga. Steyptur grunnur og steyptur kantur í kring.



Mynd 156. Braggagrunnur (213-104), horft til suðausturs.




Mynd 157. Braggagrunnur (213-104), teiknað efir uppmælingu.

## Hólmur 213-105 Camp Swansea

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-105** | Camp Swansea | Braggi | Heimild | 1940 | 367454 | 401878 | 20 | 6,5 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi og 110 m beint norður af Suðurlandsvegi þar sem Camp Swansea var á hernámsárunum, 60 m vestur af (213-113). Sést vel á loftmynd frá 1954.
**Lýsing:** Ekkert fannst á svæðinu sem er vel gróið. Eitthvað gæti leynst undir sverði.




Mynd 158. Braggi (213-105), vestur af þar sem síðar var Heiðarhvammur.

## Hólmur 213-106 Camp Swansea

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-106** | Camp Swansea | Braggi | Grunnur | 1940 | 367364 | 401814 | 13,7 | 6,4 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi og 30 m beint norður af Suðurlandsvegi þar sem Camp Swansea var á hernámsárunum, 28 m vestur af (213-107). Sést vel á loftmynd frá 1954.
**Lýsing:** Ummerki eftir byggingu, sennilega bragga, aðeins steypuleifar.



Mynd 159. Ummerki eftir bragga (213-106) og steypuleifar, horft til austurs.




Mynd 160. Ummerki eftir bragga (213-106), teiknað eftir uppmælingu.

## Hólmur 213-107 Sólvellir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-107** | Sólvellir | Íbúðarhús | Steyptur grunnur | 1940 | 367403 | 401820 | 4,7 | 4,5 | Slæmt | Nei |



Mynd 161. Sólvellir, steyptur húsgrunnur (213-107), horft til norðurs.




Mynd 162. Húsgrunnur (213-107), teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi og 42 m beint norður af Suðurlandsvegi, þar sem Camp Swansea var á hernámsárunum, 28 m austur af braggagrunni (213-106). Þarna var síðast íbúðarhúsið Sólvellir. Norðan við, um 9 m frá, eru leifar af kartöflugeymslu (213-108). Grasi- og sinuvaxið svæði, lúpína í kring. Umhverfis húsið var garður.
**Lýsing:** Steyptur grunnur, grasivaxinn. Húsið var stærra, samanber loftmynd frá árinu 1967.

## Hólmur 213-108 Kartöflukofi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-108** | Sólvellir | Kartöflugeymsla | Hóll | 1950 | 367556 | 401930 | 10,9 | 8,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi og 60 m beint norður af Suðurlandsvegi, þar sem Camp Swansea var á hernámsárunum. Um 9 m sunnan við íbúðarhúsið Sólvelli (213-107) var áður jarðhýsi, líklega notað áður sem kartöflugeymsla.
**Lýsing:** Kartöflukofinn er fallinn og er nú grasivaxinn hóll. Norðaustan við er vegarslóði sem liggur í norðvestur-suðaustur.


Mynd 163. Kartöflugeymsla við Sólvelli (213-107) og vegur norðaustan við, horft til vesturs.



Mynd 164. Ummál hólsins, (213-108), teiknað eftir uppmælingu.

## Hólmur 213-112 Heiðarhvammur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **280-112** | Heiðar-hvammur | Íbúðarhús | Steyptur grunnur | 1940 | 367543 | 401897 | 19 | 13 | Sæmilegt | Nei |


Mynd 165. Grunnur (213-112), horft til suðausturs.



Mynd 166. Grunnur (213-112), teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi, um 150 m beint norður af Suðurlandsvegi og um 24 m suður af (213-10), er grunnur þar sem síðast var íbúðarhúsið Heiðarhvammur. Þetta var hús sem setuliðið byggði og hefur sennilega tilheyrt Camp Phinney. Um 5 m vestan við er önnur steypt plata (213-113).
**Lýsing:** Grunnur, steypt plata með útskoti vestanmegin á norðurhlið. Grasigróin að hluta.

## Hólmur 213-113 Heiðarhvammur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-113** | Heiðar-hvammur | Hús | Grunnur Braggi | 1940 | 367528 | 401888 | 11 | 4,3 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi, um 135 m beint norður af Suðurlandsvegi og 5 m vestan við (213-13), þar sem síðast var Heiðarhvammur.
**Lýsing:** Steypt, ílöng plata sem liggur norður-suður. Á henni miðri er ferhyrndur steyptur niðurgröftur með stórum steini ofan á. Þar var brunnur, að sögn heimildarmanns.[171]



Mynd 167. Grunnur (213-113) með brunni, horft til suðurs.




Mynd 168. Grunnur með brunni (213-113), teiknað eftir uppmælingu.

## Hólmur 213- 114 Heiðarsel

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-114** | Heiðarsel | Íbúðarhús | Steyptur grunnur | 1940 | 367555 | 401850 | 22 | 12 | Sæmilegt | Nei |



Mynd 169. Grunnar (213-114 og 115), horft í austur.




Mynd 170. Grunnar (213-114 og 115), teiknaðir eftir uppmælingu.

[171] Guðríður Eygló Þórðardóttir. Munnlegar upplýsingar 18.6.2018.

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi, um 115 m beint norður af Suðurlandsvegi og 35 m suður af Heiðarhvammi (213-112), var síðast íbúðarhúsið Heiðarsel. Setuliðið byggði þetta hús og það tilheyrði Camp Phinney á hernámsárunum.
**Lýsing:** Tvær samsíða steyptar plötur, uppmældar sem ein. Mosa- og grasivaxnar.

## Hólmur 213-115 Heiðarsel

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-115** | Heiðarsel | Hús | Steyptur grunnur | 1940 | 367568 | 401861 | 7,3 | 4,4 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi, um 122 m beint norður af Suðurlandsvegi við norðausturhorn Heiðarsels (213-114). Hefur tilheyrt Camp Phinney á hernámsárunum.
**Lýsing:** Steyptur grunnur. Grasivaxinn og að hluti horfinn í lúpínubreiðu.



Mynd 171. Grunnur (213-115) við Heiðarsel, horft til suðausturs.

## Hólmur 213-116 Braggagrunnur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-116** | Camp Phinney | Braggi | Steyptur grunnur | 140 | 367592 | 401852 | 9,4 | 4,4 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi, 120 m beint norður af Suðurlandsvegi og um 22 m austur af Heiðarseli (213-107), þar sem Camp Phinney var á hernámsárunum.
**Lýsing:** Steyptur grunnur. Mosa- og grasigróinn.



Mynd 172. Braggagrunnur (213-116), horft til suðausturs.




Mynd 173. Braggabotn (213-116), teiknað eftir uppmælingu.

## Hólmur 213-117 Braggagrunnur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-117** | Camp Phinney | Braggi | Steyptur grunnur | 1940 | 367589 | 401793 | 14,5 | 6,4 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Norður af bænum Hólmi, 57 m beint norður af Suðurlandsvegi og um 50 m suður af Heiðarseli (213-14), þar sem Camp Phinney var á hernámsárunum.
**Lýsing:** Steypt plata og rammi í kring. Mosa- og grasigróinn.



Mynd 174. Braggabotn (213-117), horft til austurs.




Mynd 175. Braggagrunnur (213-117), teiknað eftir uppmælingu.

## Hólmur 213-125 Fagrihvammur - Litlihvammur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-125** | Fagrihvammur, Litlihvammur | Sumarhús | Hús | 1950 | 367136 | 401918 | 7,2 | 6,8 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Sumarhús upp og norður af gamla Suðurlandsveginum fyrir austan Fossnes. Á þetta númer eru auk þess skráð öll mannvirki sem eru/hafa verið á þessari lóð og annarri ofar, sem nefnist Litlihvammur.
**Lýsing:** Sumarhús og fleira.

## Hólmur 213-126 Bláskógar

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-126** | Bláskógar | Sumarhús | Hús | 1964 | 366898 | 402088 | 6,5 | 5,6 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Norðan við Fossnes og upp af gamla Suðurlandsveginum er lóð með sumarhúsi sem nefnist Bláskógar. Á lóðinni hafa verið nokkur önnur hús sem öll eru skráð á þetta númer.
**Lýsing:** Sumarhús og fleira.

## Hólmur 213-127 Brú

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **213-125** | | Brú | Brú | 1950 | 367166 | 401644 | 6,5 | 5,6 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Brú yfir Hólmsá um 200 m fyrir vestan Hólm. Ekki er alveg ljóst hvenær þessi brú var byggð en líklega um 1940-50, miðað við efnið sem í henni er. Eldri brú var áður við Trippanef (213-40), byggð 1926.
**Lýsing:** Timburbrú með steyptum burðarbita í miðju og stálbitum, um 12 m á lengd og með 3,0 m akbrautarbreidd, en heildarbreidd um 3,8 m. Hún situr á þremur stöplum; endastöplar eru grjótkláfar með timburgrind en millistöpull er steyptur. Yfirbygging er gerð úr stálbitum með timburgólfi.[172] Brúnni var lokað júlí 2020.[173]

[172] Efla: Minnisblað. *Hólmsá hjá Hólmi*. Sótt 29. nóv. 2020 af https://reykjavik.is/sites/default/files/ahaettumat.pdf
[173] *Morgunblaðið*, 14.07.2020.

# 4.3 Geitháls – Vilborgarkot 123634 0

## 4.3.1 Geitháls – saga

Nýbýlið Geitháls var byggt árið 1907 út úr jörðinni Vilborgarkoti, en það kot lagðist þá í eyði.[174] Guðmundur Magnússon (f. 1843) byggði upp Geitháls en hann bjó áður í Elliðakoti.[175] Býlið var við gatnamót Þingvallavegar og Suðurlandsvegar (Austurvegar). Íbúðarhúsið var tvílyft á steinhlöðnum kjallara. Miklir kálgarðar voru sunnan við bæinn og túnin voru sunnan við þáverandi Suðurlandsveg að Hólmsá (0-34).



Mynd 176. Gamla bæjarhúsið á Geithálsi 1907-1940.[176]

Á Geithálsi var bæði búskapur og greiðasala. Þar var símstöð frá árinu 1909. Geitháls varð vinsæll áningarstaður og voru þar oft mikil læti, eins og fram kemur í blaðagrein frá 1927: „Mér er kunnugt um það, að sá veitingamaður, sem nú rekur veitingar á Geithálsi, kysi ekkert fremur en að honum væri veitt aðstoð til að bægja ölvuðum óþjóðalýð burt frá staðnum, svo að honum gæti veist næði til að reka þar veitingar fyrir friðsama gesti. Geitháls er sérlega vel fallinn til sunnudaga-heimsókna Reykvíkinga, bæði sökum góðs húsrúms og einnig vegna fegurðar þar í kring, og þá ekki síst fyrir ríðandi fólk, því að þar er gnægð góðrar hagbeitar og vatns fyrir hesta."[177]

Árið 1940 var gamla bæjarhúsið á Geithálsi rifið, en það hafði þá verið í niðurníðslu í nokkurn tíma. Nýtt hús var byggt á sama stað, ein hæð með lágu risi, en það var rifið skömmu eftir að Olíuverslun Íslands reisti þar veitingaskála 1963.[178] Staðurinn var áfram vinsæll áningarstaður en var lagður niður sem slíkur árið 1972 þegar Suðurlandsvegurinn var færður sunnar og Geitháls fór úr alfaraleið.

Á stríðsárunum voru braggahverfin Camp Aberdeen og birgðageymslan Geitháls Dump við Geitháls. En austar með gamla Suðurlandsveginum voru Camp Omskeyri og Camp White Heather.

---

[174] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort Geitháls 1916. Teiknari: Vigfús Guðmundsson, Keldum.
[175] Þjóðskjalasafn Íslands, manntöl: Geitháls. Guðmundur Magnússon 23.12.1843. Óðalsbóndi og veitingamaður.
[176] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: KRP Reykjavík 3 36-3.jpg.
[177] *Vísir*, 25.08.1927, bls. 4, *Þjóðviljinn*, 14.05.1963, bls. 8, og *Alþýðublaðið*, 28.06.1963, bls. 2.
[178] *Þjóðviljinn* 14.05.1963 og *Alþýðublaðið* 28.06.1963.




Mynd 177. Minjar og túnakort af Geithálsi frá 1916, sett yfir loftmynd frá 2018. Á bæjarstæðinu eru útlínur timburhúss sýndar með grönnum svörtum línum, en torfhlaðin hús og kálgarðar með sverari svörtum línum.[179]

[179] Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort Geitháls 1916 strekkt á loftmynd frá 2018 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.




Mynd 178. Bensínsjoppan á Geithálsi 1963 (0-2), yngra húsið í bakgrunni sem var byggt 1940.[180]

## 4.3.2 Minjar og örnefni

Það svæði sem hér er skoðað nær yfir lítinn hluta af Geithálsjörðinni. Þekkt örnefni í nágrenninu voru skráð[181] og minjar færðar inn á mynd 179. Helstu minjum á svæðinu er lýst hér lauslega, en nákvæmari lýsingu er að finna í kafla 4.3.3.

Jarðamörk Geitháls og Hólms liggja á þessu svæði nánast eftir gamla Þingvallaveginum í suður að gamla árfarvegi Hólmsár. Jarðamörk fylgja síðan árfarveginum austur fyrir *Ármót,* sjá mynd 179.

Talið er að Geitháls hafi hlotið nafn sitt af geitakofa sem er í *Grjótlág* fyrir vestan bæinn (sjá skráningu hjá Hólmi (213-42). Engin hús eru í dag á Geithálsi, en leifar eru þar af útihúsi (26) og steinhlöðnum vegg sem hefur verið í porti norðan við gamla húsið (1) og að hluta norðurveggur í útihúsi (24), auk þess má vænta minja i jörðu frá öðrum mannvirkjum. Hólmsá rann rétt sunnan við bæjarstæðið og voru tún bæjarins þar á árbakkanum, sunnan við ána var þá *Geithálstangi*. Áin var færð sunnar þegar nýi Suðurlandsvegurinn var gerður um 1971. Túnakort er til af bæjarstæðinu frá 1916 og hefur því verið varpað hér á loftljósmynd frá 2018. Túnakortið sýnir skipulag bæjarstæðisins, vegi og uppþornaðan farveg Hólmsár, sjá mynd 177. Bæjarstæði Geitháls er nú allt innan framkvæmdasvæðis þar sem til stendur að leggja tengiveg frá Hafravatnsvegi inn á Gamla Suðurlandsveg.

Vestan við Geitháls liggur gamli Þingvallavegurinn (33) í norðaustur. Við veginn voru reist tvö íbúðarhús um 1950, *Mánahlíð* og *Sunnuhlíð*. Austan við gamla Þingvallaveginn er mikið mannvirki, steinhlaðið. Trúlega er það gömul hestarétt (4). Þar eru líka braggabotnar frá birgðageymslunni Geitháls Dump. Í norðaustur frá Sunnuhlíð er síðan herskálahverfið Camp Aberdeen.

Frá Geithálsi austur að Hólmsá voru tvö herskálahverfi, Camp Omskeyri og Camp White Heather. Austast við *Hólmsá* var svo gamla brúarstæðið, þar var Rauða brúin (21) fyrst byggð 1887. Enn má sjá samlímdar steinhleðslur sem hafa trúlega tilheyrt þessari elstu brú. Á klöpp, þar sem nú er

[180] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 óflokkað, ljósmyndari Bragi Guðmundsson.
[181] Örnefnalýsing Geitháls 123634.

vað, eru bergristur og þar stendur „1887“ og undir líklega „19 Ágúst“ (45). Árið 1926 var brúin lengd til vesturs. Leifar yngri brúar eru líka að mestu horfnar, en hún var rifin eftir 1970, sjá mynd 180.




Mynd 179. Minjar og áætlaðar framkvæmdir í landi Geitháls.[182]

[182] Landupplýsingakerfi Reykjavíkur, loftljósmynd frá árinu 2018, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.



Mynd 180. Gamla Hólmsárbrúin (21) árið 1964. Áður var á sama stað Rauða brúin, en það var timburbrú byggð 1887, hana tók af 1888. Þá var byggð ný brú, steinhleðslur sem eru austanmegin og í miðjum stólpanum eru hluti af undirstöðum hennar og Rauðu brúarinnar. Árið 1926 var síðan brúin endurgerð og þá lengd í vestur og burðarbitar og gólf steypt. Þessi brú var svo brotin niður um 1970 þegar núverandi brú var byggð sunnar við ána.[183]

### 4.3.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Geitháls

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar, sem skráðar eru undir jörðina Geitháls, á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við tvöföldun á Suðurlandsvegi frá Bæjarhálsi að Hólmsá.

### Geitháls 0-1 Geitháls

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-1** | Geitháls | Býli | Heimild | 1907-1970 | 368128 | 401698 | 18,5 | 8,2 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Býlið Geitháls var byggt við gatnamót Þingvallavegar og Suðurlandsvegar (Austurvegar). Eldra íbúðarhúsið á Geithálsi var tvílyft, bárujárnsklætt timburhús á steinhlöðnum grunni. Húsið var um 8x8,2 m og lá norðvestur-suðaustur, með bíslag á norðvesturgafli. Austan við það var skemma (0-23) 11x8,2 m. Árið 1940 var gamla bæjarhúsið og skemman á Geithálsi rifið, en það hafði þá verið í niðurníðslu í nokkurn tíma. Nýtt hús var byggt á sama stað (0-22), ein hæð með lágu risi. Það var rifið skömmu eftir að Olíuverslun Íslands reisti þar veitingaskála (0-2) 1963.[184] Staðurinn var áfram vinsæll áningarstaður en var lagður niður sem slíkur árið 1972 þegar Suðurlandsvegurinn var færður sunnar og Geitháls fór úr alfaraleið. Hólmsá, sem rann rétt sunnan við bæjarstæðið, var færð sunnar þegar nýi Suðurlandsvegurinn var gerður.

[183] Þjóðminjasafn Íslands: IM-91-3. Ljósmyndari Ingimundur Magnússon, 1964.
[184] *Vísir*, 15.08.1940, bls. 4. *Þjóðviljinn*, 14.05.1963, bls. 8, og *Alþýðublaðið* 28.06.1963, bls. 2.



Mynd 181. Gamla íbúðarhúsið á Geithálsi sem var rifið 1940, horft til austurs. Á myndinni sjáum við, lengst til vinstri tvö samhliða útihús (0-25). Austan við útihúsin er steinhleðsla sem fer aftur fyrir íbúðarhúsið (0-1) ásamt viðbyggðu útihúsi (0-23). Austar er lítið, járnklætt hús með skúrþaki en á bak við það, austan við, var torfhús sem glittir í fyrir ofan skúrþakið; stafn, með strompi sem ber við himin. Fyrir framan íbúðarhúsið sést kartöflugarður (0-27) en kartöflugarðarnir voru afmarkaðir með miklum, steinhlöðnum garðlögum og bárujárnsgirðingu við húsið, fremst á myndinni er gamli Suðurlandsvegur.[185]

**Lýsing:** Bæjarstæðið hefur verið byggt utan í hjalla sem hefur verið stallaður upp frá gamla Suðurlandsveginum. Við veginn voru kálgarðar (0-27 og 0-28) og norðan við þá hefur verið gerður sléttur stallur þar sem íbúðarhúsið (0-1) og útihúsin (0-23 og 0-24) stóðu áður. Norðan við húsin var steinhlaðinn veggur sem stendur enn. Ef rýnt er í þessa hleðslu má sjá að hún er samsett, þ.e.a.s. þetta eru leifar af veggjum úr húsum og jarðvegsvegg, um 25 m á lengd, sem gæti líka verið að hluta endurhlaðinn. Vestast á bæjarstæðinu, stallinum, eru leifar tveggja útihúsa (0-25) úr torfi og grjóti og er austasta vegghleðslan, veggjarkampur, hluti af þeim. Suðaustan við veggjakampinn eru sex steinþrep í steinhleðslunni upp á hjallann og frá þeim liggur hleðslan áfram til suðausturs að hlöðnum gafli, en hluti hleðslunnar hefur verið hliðarveggur í útihúsi (0-24) og gaflinn hefur tilheyrt því. Hornrétt á hann er hleðsla sem gæti hafa verið annar gafl sem gæti hafa tilheyrt skemmu (0-23). Þrepin hafa verið gerð síðar því þau sjást ekki á elstu ljósmyndunum. Þegar túnakort var gert 1916 voru tveir kálgarðar (0-27, 0-28) fyrir framan bæjarstæðið, meðfram veginum, sem voru afmarkaðir með steinhlöðnum görðum, en sunnan við veginn voru tún bæjarins (0-29 og 30). Þar sem íbúðarhúsin stóðu og á hlaðinu þar fyrir aftan er mosavaxinn malarjarðvegur. Lítil ummerki eru eftir húsin. Tveir litlir steyptir fletir, sem á eru fest tvö járnrör, eru uppi á stallinum þar sem var inngangur á suðvesturhlið íbúðarhúsanna, og rafmagnskapall stendur upp úr jörðinni þar sem inntakið gæti hafa verið. Bæjarstæðið er mosa- og grasigróið en trjágróður og lúpína sækja stíft að bæjarstæðinu.




Mynd 182. Bæjarstæði Geitháls haustið 2020. Tekið frá gatnamótum gamla Þingvallavegarins og gamla Suðurlandsvegarins, horft til austurs. Svipað sjónarhorn og á myndinni hér að ofan.

[185] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: KRP Reykjavík 3 36-3. Ljósmyndari óþekktur.




Mynd 183. Stöndugar steinhleðslur á bæjarstæði Geitháls, horft til austurs. Til vinstri eru leifar af útihúsum (0-25) og er austasti veggjarkampurinn heillegur. Suðaustan við hann eru þrep upp á hjallann og frá þeim liggur steinhlaðinn veggur, sem hefur verið hluti af hlið í útihúsi (0-24), að hlöðnum gafli í sama húsi og hornrétt á hann er hleðsla sem gæti hafa verið annar gafl.

## Geitháls 0-2 Bensínstöð

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-2** | Geitháls | Sjoppa, bensínstöð | | 1963-1972 | 368107 | 401704 | 11 | 10 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á Geithálsi á vegamótum gamla Suðurlandsvegarins (0-34) og gamla Þingvallavegarins (0-33) var rekin bensínstöð og sjoppa á árunum í 1963-72. Söluskálinn var austan við vegamótin. Sjá mynd 178.
**Lýsing:** Horfinn. Var lágreistur timburskúr, 11x10 m.

## Geitháls 0-3 Hús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-3** | | Hús | Tóft | 1940 | 368166 | 401734 | 7 | 6 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Tóft er um 40 m norðaustan við bæjarstæðið á Geithálsi (0-1) og 12 m fyrir neðan réttina (0-4). Líklega bygging sem hefur tilheyrt hernum.
**Lýsing:** Húsið hefur verið um 7x6 m og snúið í suðaustur-norðvestur, inngangur á norðvesturhlið. Steypa er í vesturhliðinni og rústin er full af járnadrasli, hermannabeddum o.fl. Tóftin var mosagróin 2010 en síðan þá hefur gróður aukist mikið á svæðinu og nú er rústin á kafi í lúpínu og erfitt að greina hana og leifar af hermannabeddum sem í henni eru.



Mynd 184. Rúst (0-3), horft til suðausturs. Ljósmynd frá 2010.




Mynd 185. Rúst (3), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 186. Ljósmynd 2010, horft til suðsuðausturs.



Mynd 187. Rúst (0-3) sumarið 2020, horft til suðsuðausturs.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

## Geitháls 0-4 Hestarétt

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-4** | | Hestarétt | Rétt | 1900 | 368180 | 401763 | 33 | 30 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Um 60 m fyrir norðan bæjarstæðið á Geithálsi er steinhlaðin rétt, um 25 m austan við gamla Þingvallaveginn og 50 m suðvestur af íbúðarhúsinu Sunnuhlíð 2.
**Lýsing:** Réttin er 33x30 m að stærð, veggir eru um 1–1,2 m á hæð, steinhlaðnir með malarfyllingu. Tvö op eru á réttinni, annað á norðvesturhlið, við norðurhorn sem snýr að Gamla Þingvallaveginum (0-33), en hitt er á miðri suðvesturhlið sem snýr að Geithálsbænum. Þaðan liggur leið niður að bæjarstæðinu. Réttin er nú öll lúpínuvaxin og lítið sést í steinhleðslurnar. Hugast getur að herinn hafi notað þetta mannvirki sem geymslusvæði.



Mynd 188. Hleðslur við norðurhorn réttarinnar (0-4), horft til suðurs.




Mynd 189. Rétt (0-4), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 190. Horft eftir suðvesturhlið réttarinnar 2010, horft til suðausturs.



Mynd 191. Ljósmynd tekin frá sama sjónarhorni sumarið 2020, tíu árum síðar.

## Geitháls 0-5 Húsatóft

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-5** | | Húsgrunnur | Steypa | 1940 | 368163 | 401772 | 6,4 | 2,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Vestan við hestaréttina (0-4) er stallaður halli niður að gamla Þingvallaveginum (0-33), tveir stallar samsíða réttinni með hlöðnum köntum. Á efri stallinum er húsatóft (0-5), um tveimur metrum vestan við norðvesturhlið réttarinnar (0-4), en ekki er vitað hvað var á þeim neðri (0-6), hugsanlega ræktunarreitur. Húsið sést á ljósmynd frá 1964 og var uppistandandi þegar loftmynd var tekin 1967.[186] Norðanmegin er kanturinn rofinn með leið upp á stallinn. Húsið sést á mynd 82.
**Lýsing:** Húsatóftin er hlaðin úr steyptum einingum sem eru um 20x45 cm að stærð, samlímdar með steinlími, með steyptu gólfi. Tvær hleðsluraðir standa að mestu ennþá en þær hafa hrunið bæði inn í húsið og út fyrir það. Húsið hefur verið múrað. Inngangur hefur verið á vesturgafli og hugsanlega á norðvesturhlið. Gróður hefur aukist mikið á og við rústina á síðustu árum. Þar vex gras, lúpína, hvönn og trjágróður.



Mynd 192. Húsatóft (0-5) 2020, horft til norðausturs.



Mynd 193. Húsatóft (0-5) árið 2010, horft til suðvesturs.

## Geitháls 0-6 Garður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-6** | | Garður | Garðlag | 1920 | 368153 | 401778 | 20 | 7 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Vestan við hestaréttina (0-4) á Geithálsi er stallaður halli niður að gamla Þingvallaveginum, tveir stallar með hlöðnum köntum sem liggja samsíða réttinni. Á efri stallinum er húsatóft (0-5) en ekki er vitað hvað var á þeim neðri, hugsanlega ræktunarreitur.
**Lýsing:** Neðri stallurinn er með hleðslum við gamla Þingvallaveginn. Grasi- og lúpínuvaxinn.

[186] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ALB 014 036 7-5. Ljósmyndari, Alþýðublaðið /KG. Ljósmynd tekin 27. júlí 1964 og Landmælingar Íslands: Loftmynd 1967, LMI-Kort-L1204-L12-0266.



Mynd 194. Hlaðnir stallar við við gamla Þingvallaveginn (0-33), við norðvesturhlið hestaréttarinnar (0-4) á Geithálsi, horft til austurs.

## Geitháls 0-8 Braggagrunnur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-8** | Geitháls Dump | Braggi | Steypa | 1940 | 368124 | 401636 | 6 | 5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Braggagrunnur er um 50 m suður af bæjarstæði Geitháls, 10 m suðvestan við gamla Suðurlandsveginn (0-34), þar sem var annað af tveimur heimatúnum (0-30).
**Lýsing:** Braggagrunnurinn er vel greinilegur, með steinsteyptum hliðarveggjum sem steypujárn standa upp úr. Norðan við norðausturvegg er steypuklumpur. Tveir steinsteyptir fletir eru inni í grunninum, mögulega undirstöður, og upp úr þeim standa járnboltar, fjórir upp úr þeim norðvestanmegin en tveir upp úr þeim sem er suðaustanmegin. Steypan í flötunum er sprungin og mosavaxin. Litlar málmplötur liggja á víð og dreif á þeim vestari og við norðurhorn eru viðarleifar og gúmmíslanga. Á gólfinu vex mosi, lyng og gulmaðra. Við vesturhornið vex víðibrúskur.



Mynd 195. Braggagrunnur (0-8), horft til suðurs.




Mynd 196. Braggagrunnur (0-8), teiknað eftir uppmælingu.

## Geitháls 0-9 Braggagrunnur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-9** | Geitháls Dump | Herminjar | Braggagrunnur | 1940 | 368184 | 401634 | 11 | 8 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Braggagrunnur suðaustan við bæjarstæði Geitháls, 13 m norðaustan við gamla Suðurlandsveginn (0-34).
**Lýsing:** Mosagróinn braggagrunnur með steinsteyptum sökklum við gaflana og þrepum við norðvesturgafl.



Mynd 197. Braggagrunnur (0-9), horft til suðausturs.




Mynd 198. Braggagrunnur (0-9), teiknað eftir uppmælingu.

## Geitháls 0-10 Birgðageymsla Geitháls Dump,

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-10** | Geitháls Dump | Birgða-geymsla | Bragga-botn | 1940 | 368225 | 401779 | 28 | 22 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Um 11 m norðaustan við við hestaréttina (0-4) og 13 m suðvestur af íbúðarhúsinu Sunnuhlíð 2 eru tveir samsíða grunnar. Vegur liggur upp að þeim frá gamla Þingvallaveginum (33) sem heldur síðan áfram austan við og niður með réttinni og bæjarstæðinu niður á gamla Suðurlandsveginn (0-34).  Um 8 m norðan við grunnana er garðlag, sem gæti verið frá sama tíma, sem liggur samsíða norðausturgafli. Það er nú á lóðamörkum Sunnuhlíðar 2 og þar hafa verið gróðursett tré.



Mynd 199. Tveir samsíða grunnar, Geitháls Dump (0-10), horft til suðvesturs eftir þeim nyrðri að réttinni.

**Lýsing:** Tveir samsíða grunnar með breiðum steyptum sökklum með járnteinum, festingum, liggja norðaustur-suðvestur. Gólf hefur verið steypt í nyrðri sökklinum og er nokkuð heillegt, en í þeim syðri er þjappað malarlag sem gæti hafa verið sementsborið. Grunnarnir eru mosa- og grasigrónir og trjágróður er farinn að stinga sér niður á stöku stað. Seinni tíma girðing hefur legið eftir sökklinum á milli þeirra og eru leifar af henni þar.



Mynd 200. Vegur sem liggur frá gamla Þingvallaveginum, vestan við grunnana (0-10) sem eru ofan við austurhorn réttarinnar (0-4), horft til norðvesturs.




Mynd 201. Tveir samsíða grunnar (0-10) og vegur vestan við.

## Geitháls 0-11 Camp Aberdeen

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-11** | Camp Aberdeen | Herskálahverfi | Húsgrunnur | 1940 | 368413 | 401992 | 25 | 6,7 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Herskálahverfið Camp Aberdeen var á tímum hersetunnar á svæði sem er um 400 m norðaustan við bæjarstæði Geitháls og skammt austan við Hafravatnsveg. Þar er að finna töluverð ummerki eftir herinn; vegi, braggabotna og skotgrafir.
**Lýsing:** Steinsteyptur, stæðilegur og heillegur braggagrunnur sem liggur í norðvestur-suðaustur. Platan er aðeins mosavaxin á steypuskilum og þar eru ennþá járnfestingar. Við norðausturhlið grunnsins er annar minni sökkull, 3,3x3,3 m. Suðvestan við er annar braggagrunnur (0-12).



Mynd 202. Braggagrunnur (0-11) nær og lítill sökkull norðaustan við hann. Fjær er grunnur (0-12), horft til vesturs að Hafravatnsvegi.

## Geitháls 0-12 Camp Aberdeen

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-12** | Camp Aberdeen | Herskála-hverfi | Húsgrunnur | 1940 | 368403 | 401986 | 22 | 6,6 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Herskálahverfið Camp Aberdeen var á tímum hersetunnar á svæði sem er um 400 m norðaustan við bæjarstæði Geitháls og skammt austan við Hafravatnsveg. Þar er að finna töluverð ummerki eftir herinn; vegi, braggabotna og skotgrafir. Sjá kort við skráningu (0-11).
**Lýsing:** Steinsteyptur, heillegur braggagrunnur sem liggur í norðvestur-suðaustur. Platan er aðeins mosavaxin á steypuskilum og þar eru ennþá járnfestingar.



Mynd 203. Braggagrunnur (0-12), til hægri sér í grunn (0-11), horft til norðvesturs að Hafravatnsvegi.

## Geitháls 0-13 Camp Aberdeen

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-13** | Camp Aberdeen | Herskálahverfi | Bragga-grunnur | 1940 | 368372 | 401938 | 30 | 11 | Gott | Nei |



Mynd 204. Braggagrunnur (0-13), horft til norðausturs. Vinstra megin sér í braggagrunna (0-11 og 0-12). Á hæðinni fyrir ofan þá er skotgröf (0-47) og önnur (0-46) efst uppi á hæðinni, hægra megin á myndinni.

**Staðhættir:** Herskálahverfið Camp Aberdeen var á tímum hersetunnar á svæði sem er um 400 m norðaustan við bæjarstæði Geitháls og skammt austan við Hafravatnsveg. Þar er að finna töluverð ummerki eftir herinn; vegi, braggabotna og skotgrafir. Sjá kort við skráningu (0-11).
**Lýsing:** Braggagrunnur með uppsteyptum hliðum og plötu. Liggur norðaustur-suðvestur. Op eru á báðum göflum og tveir inngangar hafa verið á suðausturhlið til beggja enda, sem virðist hafa verið tenging við samsíða bragga (0-14), steyptir fletir á milli þeirra. Veggirnir eru aðeins mosavaxnir og upp úr þeim standa járnboltar, festingar. Platan er mosa- og grasivaxin á steypuskilum og trjágróður hefur aðeins stungið sér niður.

## Geitháls 0-14 Camp Aberdeen

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-14** | Camp Aberdeen | Herskála-hverfi | Braggagrunnur | 1940 | 368382 | 401927 | 30 | 10 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Herskálahverfið Camp Aberdeen var á tímum hersetunnar á svæði sem er um 400 m norðaustan við bæjarstæði Geitháls og skammt austan við Hafravatnsveg. Þar er að finna töluverð ummerki eftir herinn; vegi, braggabotna og skotgrafir. Sjá kort við skráningu (0-11).
**Lýsing:** Braggagrunnur, mosa- og grasivaxinn á steypuskilum, trjágróður á austurhlið. Norðvestan við hann eru steyptir fletir við innganga í samsíða bragga (0-13), þar sem hefur verið gengið á milli.



Mynd 205. Braggagrunnur (0-14), horft til suðvesturs. Til hægri er grunnur (0-13) með uppsteyptum hliðum.

## Geitháls 0-20 Camp White Heather

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-20** | Camp White Heather | Herbúðir | Heimild | 1940 | 368409 | 401339 | | | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Herbúðirnar Camp White Heather voru norðan við brúna yfir Hólmsá og uppi í Kotásnum, þar sem nú er íbúabyggð. Þar hafðist við lítil undirfylking skriðdrekaliðs.
Á þetta númer er einnig skráður vegur sem liggur niður Heiðartaglið frá Suðurlandsveginum.
**Lýsing:** Nokkur ummerki eru eftir veru hersins á svæðinu.

## Geitháls 0-21 Rauðabrúin

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-21** | Rauðabrúin | Brú | Steinalögn Steinsteypa | 1887 | 368526 | 401280 | 30 | 7 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Brú á Hólmsá þar sem nú er vað á ánni. Árið 1887 var byggð trébrú yfir Hólmsá, 18 álna löng og 4 álna breið hún stóða á steinhlöðnum kömpum. Aðfaranótt hins 11. janúar 1888 tók hana af í miklu flóði og löskuðust við það undirstöður hennar.[187] Brúin var nefnd Rauðabrúin á korti frá 1909.[188] Árið 1926 greindi vegamálastjóri frá því í Ísafold að gera ætti steinbrú á Hólmsá.[189] Sú brú hefur staðið þar til hún var brotin niður fyrir 1970. Á mynd 180 má sjá að nýja brúin hefur verið lengd til vesturs, en steinhleðslur gömlu Rauðubrúarinnar sjást í austur og í miðjustöpli brúarinnar árið 1964.[190]
Í hvalbak um 20 m norðan við brúarstæðið er klöppuð áletrun (0-45), sem sýnist vera ártalið *1887* og *19 Ágúst*, líklega verið klappað í steininn þegar trébrúin var gerð 1887.
**Lýsing:** Brúin er horfin, var brotin niður, en hluti af stöplum hennar, steypuklumpar og samlímdir steinar, eru við brúarstæðið við ána austanmegin og um 45 m vestan við brúarstæðið vestanmegin. Hvoru tveggja er á kafi í gróðri; grasi, lúpínu og trjám og mikill munur þar á frá síðustu skráningu 2010.

[187] *Ísafold*, 25. janúar 1888, bls. 16.
[188] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.
[189] *Ísafold*, 24. ágúst 1926, bls. 2.
[190] Þjóðminjasafn Íslands: Ljósmynd. IM-91-3. Ljósmyndari Ingimundur Magnússon, 1964.


Mynd 206. Brúarstæðið (0-21) austanmegin, austan við vaðið, horft til suðausturs.


Mynd 207. Mosavaxnir samlímdir steinar úr stöpli brúarinnar (0-21), horft til suðurs.


Mynd 208. Leifar brúarstöpuls um 45 m norðvestan við brúarstæði brúarinnar (0-21), horft til austurs.


Mynd 209. Mosavaxin steinsteypa og samlímdir steinar úr brúarstöpli brúarinnar (0-21), horft til norðausturs.

## Geitháls 0-22 Íbúðarhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-22** | Geitháls | íbúðarhús | Heimild | 1940-63 | 368126 | 401693 | 15 | 5,5 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á bæjarstæði Geitháls var byggt nýtt hús árið 1940. Þá var gamla bæjarhúsið rifið, en það hafði þá verið í niðurníðslu í nokkurn tíma. Nýja húsið var ein hæð með lágu risi, en það var rifið skömmu eftir að Olíuverslun Íslands reisti þar veitingaskála 1963, sjá mynd 178.[191]
**Lýsing:** Horfið.

## Geitháls 0-23 Skemma

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-23** | | Skemma | Heimild | 1907 | 368135 | 401693 | 10 | 8 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á túnakorti frá 1916 og ljósmyndum frá árunum 1920-30 má sjá, að suðaustan við íbúðarhúsið var stór viðbygging sem trúlega hefur verið skemma eða útihús. Það var einlyft, bárujárnsklætt timburhús með inngönguskúr á suðvesturhlið. Á túnakortinu virðist vera annar inngönguskúr á norðausturhlið sem hefur legið að útihúsi (0-24) sem var úr torfi og grjóti.[192]
**Lýsing:** Horfið. Byggingin var einlyft, bárujárnsklætt timburhús, stærð 10 x 8 m.

[191] *Vísir,* 15.08.1940, bls. 4, *Þjóðviljinn,* 14.05.1963, bls. 8 og *Alþýðublaðið* 28.06.1963, bls. 2.
[192] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: KRP Reykjavík 3 36-3. Ljósmyndari óþekktur.

## Geitháls 0-24 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-24** | | Útihús | Hleðsla | 1907 | 368139 | 401700 | 5 | 3 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Á bæjarstæði Geitháls, norðaustan við þar sem íbúðarhús og skemma voru, var hús úr torfi og grjóti sem er teiknað á túnakort.[193] Þar eru nú stöndugar steinhleðslur. Vestast er steinhlaðin veggjakampur í tóft austara útihússins (0-25). Þá eru steinhlaðin þrep og austan við er steinhleðsla sem hefur myndað hlið í útihúsi (0-24) að gaflhlaði sem hefur tilheyrt því og hornrétt á það er hleðsla sem gæti hafa verið gaflhlað eða hlið í skemmu (0-23).
**Lýsing:** Útihús (0-24) er horfið að hluta, stærð 3x5 m. Þar sem húsið stóð eru steinhleðslur sem hafa verið norðausturhlið og suðausturgafl hússins, um 1,5 m á hæð og fjórar steinaraðir.




Mynd 210. Steinhleðslur á bæjarstæði Geitháls (0-1). Til vinstri eru tóftir útihúsa (0-25) og steinhleðsla í austasta veggjarkampinum. Þá eru þrep upp á hjallinn og áframhaldandi steinhleðsla sem hefur að hluta til þjónað sem hlið í útihúsi (0-24) og gaflhleðsla. Hornrétt á hana er hleðsla, gaflhlað eða hlið í skemmu (0-23).

## Geitháls 0-25 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-25** | | Útihús | Tóft | 1907 | 368129 | 401716 | 12,5 | 14,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Tvö samsíða útihús (0-25) voru norðan við íbúðarhúsið (0-1) á Geithálsi. Veggir voru grjóthlaðnir en framstafnar voru úr timbri og járnklæddir. Tvennar dyr voru á hvorum stafni og einar dyr voru á norðvestur langhliðinni. Þökin voru með torfi samkvæmt ljósmyndum.[194]
**Lýsing:** Húsatóftirnar eru grasigrónar en greina má steinhleðslur veggja við suðvesturhlið og austasti veggjarkampurinn sést vel. Veggirnir standa sennilega ennþá, en þök hafa fallið.



Mynd 211. Útihúsin (0-25) stóðu aðeins baka til og vestan við íbúðarhúsið.[195]

[193] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Geitháls 1916.* Teiknari: Vigfús Guðmundsson, Keldum.
[194] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: EYJ 001 005 2-2. Ljósmyndari Eyjólfur Jónsson.
[195] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: KRP Reykjavík 3 36-3. Ljósmyndari óþekktur, hluti úr mynd.



Mynd 212. Tóftir tveggja samsíða útihúsa (0-25) á bæjarstæði Geitháls, horft til austurs.



Mynd 213. Austasti veggjarkampur útihúsanna (0-25), horft til austurs.




Mynd 214. Tóftir útihúsa (0-25) á bæjarstæði Geitháls, teiknað eftir uppmælingu.

## Geitháls 0-26 Kofar

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-26** | | Kofi | Heimild | 1907 | 368138 | 401680 | 2,5 | 3 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Þegar túnakort var gert 1916 voru tveir kofar við vestari kálgarðinn (0-27).[196] Annar var úr timbri (3x2,6 m) og gekk inn í garðinn, en hinn utan við hann úr torfi og grjóti (3,5x2,7 m) með timburþili við garðinn. Kofarnir sjást á gömlum ljósmyndum.
**Lýsing:** Horfnir.

[196] Þjóðskalasafn Íslands: Túnakort. *Geitháls 1916.* Teiknari: Vigfús Guðmundsson, Keldum.

## Geitháls 0-27 Kálgarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-27** | | Kálgarður | Heimild | 1907 | 368125 | 401677 | 35 | 20 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á bæjarstæði Geitháls, sunnan við íbúðarhúsið meðfram gamla Suðurlandsveginum, voru tveir kálgarðar (0-27, 0-28).[197] Þegar túnakort var gert var sá vestari stærri, um 35x20 m, afmarkaður með steinhlöðnum görðum á þrjá vegu en bárujárnsgirðingu á norðausturhlið, sem lá með húsunum. Eystri garðurinn var minni, 23x20 m, afmarkaður með steinhleðslum.
**Lýsing:** Greina má leifar af steinhleðslunum á nokkrum stöðum; á norðausturhlið, suðausturhlið og við veginn.



Mynd 215. Kálgarðar (0-27,-28) Geitháls voru á þessu svæði. Garður nr. (0-28) er nær og í honum stendur nú hlaðið brunnhús. Garður nr. (0-27) er fjær og var fyrir framan bæjarhúsin.

## Geitháls 0-28 Kálgarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-28** | | Kálgarður | Heimild | 1907 | 368145 | 401657 | 23 | 20 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á bæjarstæði Geitháls, sunnan við íbúðarhúsið meðfram gamla Suðurlandsveginum, voru tveir kálgarðar (0-27, 0-28). Þegar túnakort var gert var sá vestari stærri, um 35x20 m, afmarkaður með steinhlöðnum görðum á þrjá vegu en girðingu á norðausturhlið sem lá með húsunum. Eystri garðurinn var minni, 23x20 m, afmarkaður með steinhleðslum. Sjá mynd við nr. (0-27).
**Lýsing:** Greina má leifar af steinhleðslunum á nokkrum stöðum; á norðausturhlið, suðausturhlið og við veginn. Í garðinum stendur nú hlaðið brunnhús.

[197] Þjóðskalasafn Íslands: Túnakort. *Geitháls 1916.* Teiknari: Vigfús Guðmundsson, Keldum.

## Geitháls 0-29 Tún

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-29** | | Tún | Mói | 1907 | 368067 | 401649 | 57 | 33 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Heimatún á Geithási (0-29 og 0-30) voru suðvestan við bæjarstæðið, sunnan við gamla Suðurlandsveginn (0-34) en norðan við þann núverandi. Það minna (0-29) var 57x33 m að stærð og lá vestar. Það var afgirt á tvær hliðar, en Hólmsá afmarkaði það til suðurs.[198] Þar er nú uppþornaður farvegur eftir að ánni var veitt suður fyrir veginn.
**Lýsing:** Túnið er grasi- og sinuvaxið og vel greinilegt ennþá,  en girðingar eru horfnar að mestu. Túnið hefur hlaupið í þúfur og trjágróður hefur stungið sér niður víða. Girðingarleifar að vestan, staurar og gaddavír.



Mynd 216. Vestra tún (0-29) Geitháls, horft til vesturs.



Mynd 217. Girðingarstaur og gaddavír, horft til vesturs.

## Geitháls 0-30 Tún

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-30** | | Tún | Mói | 1907 | 368135 | 401597 | 87 | 88 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Heimatún Geitháls (0-29 og 30) voru suðvestan við bæjarstæðið, sunnan við gamla Suðurlandsveginn (0-34) en norðan við þann núverandi. Það stærra var 87x88 m að stærð og lá austar. Það var afgirt á tvær hliðar, en Hólmsá afmarkaði það til suðurs.[199] Þar er nú uppþornaður farvegur eftir að ánni var veitt suður fyrir veginn.
Austan við túnið (0-30) er vegur (0-43), lagður rauðamöl, sem herinn hefur lagt niður að Hólmsá.
**Lýsing:** Túnið er grasi- og sinuvaxið en vel greinilegt ennþá og trjágróður hefur stungið sér niður á nokkrum stöðum. Leifar af girðingum eru að vestan, girðingarstaurar, og að austan við veginn (0-43) er gaddavírsgirðing með snúnum járnstaurum. Í túninu eru herminjar, húsgrunnur (0-8).

[198] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Geitháls 1916.* Teiknari: Vigfús Guðmundsson, Keldum.
[199] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. Geitháls 1916. Teiknari: Vigfús Guðmundsson, Keldum.



Mynd 218. Eystra tún (0-30) Geitháls, horft til norðvesturs.



Mynd 219. Girðingarleifar austan við túnið (0-30) og vestan við veginn (043), horft til norðausturs.

## Geitháls 0-33 Gamli Þingvallavegurinn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-33** | Þingvallavegur | Vegur | Vegur | 1881-1970 | 368100 | 401716 | 420 | 5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Vinna við gerð á varanlegum vagnavegi austur yfir Mosfellsheiði til Þingvalla hófst 1881 og henni lauk með gerð brúar yfir Öxarárgljúfur árið 1897. Fyrsti hluti vegarins lá vestan við Geitháls. Vegurinn var lagður á svipuðum slóðum og gamla reiðleiðin, en þó var ekki farið um Seljadal heldur sunnan hans. Vegarlagningin miðaðist við hesta og hestvagna, en síðar við bíla. Fyrsti bíllinn ók eftir þessum vegi 3. júlí 1913.[200]
**Lýsing:** Vegurinn við Geitháls er um 420 m langur og 5 m breiður. Sjá má grjóthleðsluna, púkkið, sem er undir ofaníburðinum og er að koma upp. Vegurinn liggur frá gamla Suðurlandsveginum vestan við bæjarstæðið og upp, norðnorðaustur, um 420 m þar sem hann hverfur undir núverandi Hafravatnsveg. Frá gamla Suðurlandsveginum og upp að Sunnuhlíð 2 er vegurinn mosa- og grasigróinn með lúpínu í vegköntunum sem er á góðri leið með að hylja hann. Við Sunnuhlíð hefur vegurinn verið notaður áfram en þar fyrir ofan er hann lúpínuvaxinn upp að Hafravatnsvegi. Gróður hefur aukist mikið á veginum frá 2010.




Mynd 220. Gamli Þingvallavegurinn (0-33) þar sem hann liggur vestan við bæjarstæði Geitháls, horft til suðvesturs að Suðurlandsvegi.

[200] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson: *Mosfellsbær. Saga byggðar í 1100 ár*, bls. 190.

## Geitháls 0-34 Fyrsti Suðurlandsvegurinn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-34** | Suðurlandsvegur | Vegur | Vegur | 1886-1972 | 368089 | 401688 | 580 | 5 | Sæmilegt | Nei |



Mynd 221. Gamli Suðurlandsvegurinn (0-34), horft til norðvesturs að Geithálsi.

**Staðhættir:** Suðurlandsvegurinn var lagður að grunni til árið 1886, í landi Geitháls. Vegurinn liggur frá bæjarstæðinu til suðausturs að gamla brúarstæðinu við Hólmsá. Vegurinn var upphaflega lagður 10 fet á breidd (3,13 m).[201]
**Lýsing:** Vegurinn er malarborinn og er í notkun sem hliðarvegur.

## Geitháls 0-35 Vatnstankur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-35** | | Vatnstankur | Steinsteypa | 1940 | 368290 | 402014 | 2 | 2 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Fimmtíu metrum norðaustan við íbúðarhúsið Sunnuhlíð 2 er lítill vatnstankur, sennilega frá tímum hersetunnar. Eldra húsið í Sunnuhlíð (0-36) stóð 6 m fyrir sunnan tankinn.
**Lýsing:** Steinsteyptur, mosavaxinn, ferhyrndur vatnstankur. Lokið lítur út fyrir að vera járnbundið, en sjá má járn í steypunni. Sennilega er op á lokinu sem hefur verið lokað fyrir með bárujárnsplötu sem á er farg; dekk og stórir steinar. Ofarlega á austurhliðinni er járnrör.



Mynd 222. Vatnstankur (0-35), horft til suðurs.




Mynd 223. Vatnstankur (0-35).

[201] Magnús Grímsson: „Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi", bls. 93.

## Geitháls 0-36 Sunnuhlíð

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-36** | Sunnuhlíð | Íbúðarhús | Heimild | 1950-1966 | 368279 | 401813 | 11 | 8 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Um 33 m norðaustan við núverandi íbúðarhús í Sunnuhlíð stóð áður eldra íbúðarhús, einlyft hús með stórum kvisti. Húsið sést á ljósmynd frá árinu 1964 en þegar loftmynd var tekin af svæðinu árið 1967 var það horfið og búið að byggja Sunnuhlíð 2.[202] Suðaustan við gamla íbúðarhúsið stóð kofi sem líklega var sumarhús og sést einnig á ljósmyndinni frá 1964. Aðeins austar var stór ræktunarreitur sem enn er vel greinilegur og auk þess má greina ummerki eftir sumarhúsið.
**Lýsing:** Horfið.



Mynd 224. Sunnuhlíð (0-36), hvítt hús, vinstra megin á myndinni. Austan við það er hús (dökkmálað) sem stóð vestan við ræktunarreit. Til hægri er hvítt, lítið hús (0-5) sem stóð vestan við réttarvegginn (0-4).[203]

## Geitháls 0-40 Camp Omskeyri

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-40** | Camp Omskeyri | Herskála-hverfi | Herminjar | 1940 | 368348 | 401525 | | | Sæmilegt | Nei |



Mynd 225. Hrossahagi þar sem Camp Omskeyri var á hernámsárunum. Fyrir innan girðinguna er vegur, með grjóti í vegkantinum, sem liggur í sveig og fyrir ofan hann eru leifar af bröggum (0-44). Horft til austurs.

---

[202] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ABL 014 036 7-5 tekin 27. júlí 1964. Ljósmyndari Alþýðublaðið/ KG, hluti úr ljósmynd og  Landmælingar Íslands: Loftmynd 1967. LMI-Kort-B06-B-1679.
[203] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ABL 014 036 7-5 tekin 27. júlí 1964. Ljósmyndari Alþýðublaðið/ KG.

**Staðhættir:** **Í** Camp Omskeyri voru höfuðstöðvar stórskotaliðs 5. hersveitarinnar á tímum hersetunnar. Var á svæði þar sem nú er beitarhólf suðaustan við Geitháls, fast norðaustan við gamla Suðurlandsveginn.
**Lýsing:** Á svæðinu eru leifar og ummerki eftir veru setuliðsins, s.s. vegir, byssustæði, skotgrafir og braggabotnar. Út frá gamla Suðurlandsveginum (0-33) liggur vegur (0-41) í boga og vegir út frá honum. Við þá eru leifar af bröggum.

## Geitháls 0-41 Vegir Camp Omskeyri

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-41** | | Vegir | Vegir | 1940 | 368289 | 401525 | | | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Undir þetta númer eru skráðir vegir og slóðar sem eru á svæði þar sem Camp Omskeyri var á tímum hersetunnar. Þar voru höfuðstöðvar stórskotaliðs 5. hersveitar.[204]
**Lýsing:** Vegirnir eru misgreinilegir en grjót er víða í vegköntum.

## Geitháls 0-42 Braggi Camp Omskeyri

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-42** | | Braggi | Grunnur | 1940 | 368365 | 401467 | 30 | 9 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Um 10 m norðaustan við gamla Suðurlandsveginn og um 60 m norðvestur af afleggjara að Fögruhlíð. Í afgirtu beitarhólfi á svæði þar sem setuliðið hafði höfuðstöðvar stórskotaliðs 5. hersveitar í Camp Omskeyri.
**Lýsing**: Grunnurinn er greinilegur, grasigróinn, en steypuleifar eru sjáanlegar á miðju og við endana.



Mynd 226. Braggagrunnur (0-42) í Camp Omskeyri, horft til norðvesturs að Geithálsi.

[204] Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 125.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

## Geitháls 0-43 Vegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-43** | | Vegur | Vegur | 1940 | 368163 | 401562 | 108 | 3 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Vegur sem liggur frá gamla Suðurlandsveginum með suðausturhlið heimatúns (0-30) Geitháls og niður að uppþornuðum árfarvegi Hólmsár.
**Lýsing:** Vegurinn er lagður rauðamöl, uppgróinn, greinilegastur þar sem hann beygir niður að ánni.


Mynd 227. Vegur (0-43) lagður rauðamöl, horft til norðvesturs.


Mynd 228. Vegur (0-43), horft til austurs.

## Geitháls 0-45 Áletrun

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **0-45** | | Áletrun | Áletrun | 1887 | 368520 | 401310 | 0,50 | 0,30 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á jökulsorfnu hvalbaki norðan við þar sem áður var brúarstæði Rauðubrúarinnar (0-21) á Hólmsá, þar sem nú er vegur að vaðinu. Í hvalbak um 25 m upp og norðvestur af ánni hefur verið klöppuð áletrun, líklega þegar Rauðabrúin yfir Hólmsá var vígð.
**Lýsing:** Hægt er að lesa 18 og svo kemur óskýr stafur en gæti verið 8 og svo líklega 7, eða ártalið *1887* og *19 Ágúst* fyrir neðan.


Mynd 229. Áletrun á hvalbaki 1887 og undir 19 Ágúst.


Mynd 230. Hvalbakið sem áletrunin er klöppuð í, horft til austurs.

# Niðurstöður og hættumat

Áætlað framkvæmdasvæði, vegna tvöföldunar á Suðurlandsvegi frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá, er um 6 km að lengd og 200 til 300 m á breidd eða 100 m frá ystu brún á fyrirhuguðum vegi og hliðarvegum.[205]

Framkvæmdasvæðið liggur eftir landsvæði sem á öldum áður heyrði undir þrjár jarðir, Gröf, Hólm og Geitháls og eru minjar skráðar undir þær, alls 120 minjastaðir, sjá fornleifaskrár jarðanna hér að framan.

Minjar á framkvæmdasvæðinu voru flokkaðar eftir aldri sem var áætlaður út frá útliti þeirra og heimildum sem vísað er til þar sem við á (sjá fornleifaskrár jarðanna hér fyrir framan). Heildarfjöldi og aldursflokkun minja á svæðinu er sýndur í töflu 2. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára og eldri, í *rauðum flokki*. Þær eru friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar voru flokkaðar í tvo flokka. Í *gulum flokki* eru minjar sem verða friðaðar fornleifar á næstu 10 árum. Í *grænum flokki* eru minjar frá því eftir 1930, sem teljast til fornleifa. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit.* Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar.

***Tafla 2. Aldursflokkun minja á framkvæmdasvæðinu.***

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks | Fjöldi minja |
|---|---|---|---|
| **1** | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | ● Rauður | 37 |
| **2** | Minjar frá 1921-1930 | ● Gulur | 6 |
| **3** | Minjar frá 1931 og yngri | ● Grænn | 39 |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár | 38 |
| | Samtals | | 120 |

Hættumat var gert fyrir minjar á framkvæmdasvæðinu vegna þessarar tilteknu framkvæmdar, út frá flokkun Minjastofnunar Íslands sem sett er fram í skráningarstöðlum fornleifa: *engin hætta, hætta, mikil hætta.*[206] Allar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæðinu eru í raun í hættu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar, en við hættumatið var gengið út frá fjarlægð minja frá framkvæmdum: ***Mikil hætta*** er metin þar sem fornleifar eru í innan við *50 m* fjarlægð frá framkvæmdum, en þar er mikil hætta á að minjum verði raskað eða þær hverfi vegna framkvæmda, því ekki þarf mikið út af að bregða til að minjar verði fyrir röskun. ***Hætta*** er metin þar sem minjar eru í *50-100 m* fjarlægð frá framkvæmdum. ***Engin hætta*** er metin þar sem minjar eru í *100 m* fjarlægð eða meira frá framkvæmdum eða ef minjar eru *horfnar* af yfirborði vegna fyrri framkvæmda innan framkvæmdasvæðisins.

***Tafla 3. Hættumat út frá fjarlægð minja frá framkvæmdum.***

| Hættumat | Fjarlægð minja frá framkvæmdum |
|---|---|
| **Mikil hætta** | Fornleifar í innan við ***50 m*** fjarlægð frá framkvæmd. |
| **Hætta** | Minjar í ***50-100 m*** fjarlægð frá framkvæmd. |
| **Engin hætta** | Minjar sem eru í *100 m* eða meiri fjarlægð frá framkvæmd.<br>Minjar ***horfnar*** af yfirborði. |

[205] Efla: Tvöföldun Suðurlandsvegar, Bæjarháls að Hólmsá. Drög að tillögu að matsáætlun, 06.11.2019.
[206] Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa,* 2013, bls. 26.

***Tafla 4. Taflan sýnir hlutfallslegt hættumat minja.***

| Hættumat | Fjöldi minja | % af heild |
|---|---|---|
| **Engin hætta** | 27 | 23% |
| **Hætta** | 22 | 18% |
| **Mikil hætta** | 71 | 59% |
| Samtals | 120 | 100% |

Minjar sem eru taldar í *mikilli hættu* eru 71 talsins eða 59% minja á framkvæmdasvæðinu, minjar sem taldar eru í *hættu* eru 22 talsins eða 18% og 27 minjar eða 23%, eru ekki taldar í neinni hættu. Í þeim tilvikum þar sem minjar eru í *mikilli hættu* vegna nálægðar við framkvæmdasvæði, þarf að skoða hvort hægt sé að merkja þær vel, eða hreinlega girða þær af, svo ekki verði slys á framkvæmdatímanum. Þar sem augljóst er að minjar verði fyrir skaða er annað hvort lagt til að vegur verði færður eða minjar rannsakaðar með heildaruppgreftri.

Leiðbeinandi tillögur að mótvægisaðgerðum voru gerðar fyrir minjarnar, *en endanleg ákvörðun um mótvægisaðgerðir er tekin af Minjastofnun Íslands*, sjá minjaskrá í viðauka 1. Ekki eru lagðar til mótvægisaðgerðir við skráðar fornleifar sem eru leiðir, vegir, slóðar og götur eins og gamla Suðurlandsveginn (260-147, 213-34 og 34), gamla Þingvallaveginn (33) og slóðana (260-150, 213-35) né heldur garðlög eins og (260-178), þar sem talið er að fornleifaskráning sé fullnægjandi rannsókn. *Þar sem minjar eru ekki friðaðar (þ.e.a.s. yngri minjar) eru settar fram leiðbeinandi aðgerðir við verndun þeirra.*

## 5.1 Fornleifar á framkvæmdasvæðinu

Á framkvæmdasvæðinu eru 37 minjastaðir sem teljast til friðaðra fornleifa, þ.e. minjar 100 ára og eldri, en af þeim eru 14 taldar horfnar af yfirborði. Í landi Grafar eru það: Gamli vegurinn (260-47), leiðin inn Margróf (260-29), götur innan Rauðavatnsskógar (260-159 og 178), hornstaur (260-143) í girðingu um Rauðavatnsskóg, vegur frá Baldurshaga að Elliðavatni (260-153), horfinn innan framkvæmdasvæðis. Í landi Hólms: Forn leið inn Almannadal (213-129), tvær fornar leiðir (213-44) að Elliðavatni og (213-45) að Hólmi. Í landi Geitháls: húsin sem stóðu á bæjarstæðinu (1, 23 og 26) og kálgarðarnir (27 og 28).

Hér á eftir er farið yfir minjar sem framkvæmdin mun hafa verulega áhrif á frá Bæjarhálsi til austurs að Hólmsá.

Við Rauðavatn er tóft (260-160), sem lendir undir framkvæmdum. Tóftin er á litlu nesi sem skagar út í Rauðavatn á milli Sandvíkur og Suðurvíkur. Aldurinn á tóftinni er ekki alveg ljós, en hún gæti verið gömul. *Lagt er til að þar fari fram fornleifarannsókn.*




Mynd 231. Tóft (260-160) við Rauðavatn. Rauður hringur sýnir 15 m friðhelgað svæði umhverfis fornleifarnar. Hvítar línur eru fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt austan við Olís var áður Baldurshagi (260-146), vinsæll áningarstaður um árabil, sjá mynd 232. Þar var veitingasala upp úr 1907 og árið 1920 var þar brunavirt timburhús á einni hæð á hlöðnum sökkli. Minjar á þessum stað eru að öllum líkindum horfnar. *Lagt er til að haft verði fornleifaeftirlit á staðnum á meðan á framkvæmdum stendur og minjar rannsakaðar ef þær koma í ljós. Á þessum stað væri tilvalið að setja upp fræðsluskilti þar sem sögu staðarins eru gerð skil.*




Mynd 232. Baldurshagi (260-146) var við Suðurlandsveg austan við Olís. Loftmyndin er frá 2007 og á henni má sjá framkvæmdir sem þá voru í gangi. Rauður, slitróttur hringur afmarkar 15 m verndarsvæði fornleifa. Hvítar línur sýna fyrirhugaðar framkvæmdir.

Austan við Rauðavatnsskóg eða þar sem Rauðavatnsstöðin (260-140) var áður eru minjar. Umhverfis stöðina var voldug gaddavírsgirðing (260-142) og mjög sérstakir járnstaurar báru hana uppi (260-143). Undir girðinguna var hlaðið garðlögum og eru leifar þeirra enn sýnilegar að austan og

norðan. Samkvæmt áætlun stendur til að leggja vegi þar yfir (sjá mynd 233). Aðeins austar í Borgarholti er steinhlaðin fjárborg, *Borgin* (260-44). Þar eru fyrirhugaðir vegir sem fara inn fyrir 15 m friðhelgunarsvæði fornleifanna. ***Æskilegt er að vegir verði færðir fjær minjunum, því þarna er um einstaka fjárborg að ræða.***




Mynd 233. Garðlag (260-142) undir girðingu austan við Rauðavatnsstöð og Borgin (260-44). Hvítar línur sýna áætlaðar framkvæmdir sem fara yfir fornleifarnar og inn fyrir 15 m slitrótta rauða línu sem sýnir friðhelgað svæði þeirra.

Vestan við spennistöð, Vegbrekkur 43, eru fornar leiðir (260-151) sem hliðarvegir og tengivegir þvera (sjá mynd 234).




Mynd 234. Áætlaðar framkvæmdir, hvítar línur, fara yfir forna leið (260-151), sem er vestan við spennistöð.

Austan við Vegholt liggur forn leið (213-32) eftir Vegbrekkum. Þar mun nýr vegur þvera hana þrisvar, (sjá mynd 235).



Mynd 235. Gamla leiðin í Vegbrekkum (213-32) verður fyrir áætluðum nýjum vegi (hvítar línur) frá veginum upp í Fjárborg. Leið (213-34) er í grunninn fyrsti Suðurlandsvegurinn sem var lagður 1887 og var notaður til 1970, en er nú aðallega notaður sem reiðvegur.

Á Beitarhúsahól eru tóftir beitarhúsa (213-14). Fyrirhugaður tengivegur fer þar inn fyrir 15 m friðhelgað svæði fornleifanna***. Færa þarf veginn til norðurs frá minjunum, því að minjarnar eru hluti af minjaheild býlisins Hólms og einu fjárhúsin í þeirri heild, er því um einstakar minjar er að ræða.*** Þar er vegur (213-34) sem er partur af elsta Suðurlandsveginum, sem var notaður til 1970, (sjá mynd 236). Austar er rúst eða grjóthóll (213-62) þar sem tengivegir fara inn fyrir friðhelgunarsvæði fornleifa. ***Rannsaka ætti þessa rúst eða hól.***




